

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Menntaskólinn á Ísafirði

Ytra mat haustið 2021



Metnaður

Víðsýni

Virðing

Árangur

Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði árið 2021
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Margrét Friðriksdóttir
Unnar Örn Þorsteinsson
Ljósmynd á forsíðu tók Unnar Örn Þorsteinsson.
ISBN 978-9979-0-2734-8

Heildarniðurstöður

Menntaskólinn á Ísafirði hefur þá sérstöðu að vera eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og leggur skólinn áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám bæði á bóknaðs- og starfsnámsbrautum, sem mætir þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Kennt er skv. áfangakerfi og í boði er dagskólanám, fjarnám og dreifnám. Fjarnámið er í samstarfi 11 framhaldsskóla undir nafninu Fjarmentaskólinn. Skólastarfinu er skipt í tvær annir haustönn og vorönn og hafa lokapróf verið aflögð. Skólinn hefur sett sér stefnu um kennsluhætti og námsmat og byggir kennslan á leiðsagnarnámi (formative assessment) þar sem fjölbreytt verkefni eru notuð til að leiðbeina nemanda í námi með áherslu á þekkingu, leikni og hæfni. Brautalýsingar, áfangalýsingar og inntökuskilyrði á námsbrautir eru birt á heimasíðu MÍ. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í áföngum en mættu vera markvissari.

Við skólann hafa 25 kennarar lokið háskólanámi eða annarri menntun auk kennsluréttinda en 14 hafa ekki lokið kennsluréttindum. Eitt af markmiðum skólans fyrir árin 2021-2023 er að auka gæði menntunar og er mælikvarði þar að hækka hlutfall réttindakennara við skólann en árið 2019 voru þeir 69% þeirra sem sinntu kennslu en stefnt er að því að hlutfall réttindakennara verði orðið 85% árið 2023.

Almennt fannst nýnemum móttakan í skólann á haustdögum góð og nemendur telja líðan sína góða í skólanum. Á tímum Covid hafa mælingar á líðan nemenda lækkað umtalsvert. Nemendur segja samskiptin í skólanum persónuleg, heimilislegt andrúmsloft, kennslan sé góð og alla leiðsögn og námsráðgjöf sé að hafa innan skólans. Það var almennt mat starfsmanna að starfsandinn í MÍ væri góður og persónulegur. Mikið væri um faglegt samstarf og hjálpsemi mikil. Í könnun SFR Stofnun ársins mælist starfsandi og ánægja og stolt um eða undir landsmeðaltali skóla og háskóla. Í könnun meðal foreldra kom fram að 94% foreldra telja samskipti kennara og nemenda góð og allir foreldrar töldu að skólinn hefði staðið sig vel í aðgerðum sínum tengdum covid faraldrinum.

Í könnun SFR Stofnun ársins kemur stjórnunarpáttur skólans vel út og að vaxandi ánægja sé með stjórnunina milli ára. Það kom þó fram hjá viðmælendum að kallað væri eftir meiri faglegri forystu til að leiða stofnunina og að samstarf stjórnendateymis þyrfti að vera betra. Í máli skólameistara kom fram að mörg stór verkefni hefðu verið í gangi innan skólans s.s. innleiðing á gæðakerfi, jafnlaunavottun, nýtt skjalavistunarkerfi, græn skref í ríkisrekstri og síðast en ekki síst Covid sem sett hefði allt skólastarf úr skorðum. Stjórnendur væru meðvitaðir um þreytu og álag innan skólans sem þyrfti að vinna með. Formaður skólanefndar sagði samstarf skólanefndar og skólameistara gott og rætt hefði verið um sameiginlega stefnumótunarvinnu.

Skólinn hefur sett sér stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir lögbundna þætti. Gerð Persónuverndarstefnu skólans sbr. lög nr. 90/2018 var lokið á vorönn 2020 og persónuverndarfulltrúi hóf störf haustið 2019. Jafnréttisstefna skólans byggð á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisnefnd er starfandi við skólann með fulltrúum starfsmanna og nemenda og er jafnréttisfulltrúi formaður hennar. Þá hófst innleiðing jafnlaunastaðals á vorönn 2018 og fékk skólinn jafnlaunavottun í desember 2019. Skólinn hefur sett sér jafnlaunahandsbók skv. ÍST 85:2012. Í könnun SFR Stofnun ársins eru þrjú stigahæstu svör MÍ tengd ánægju með stöðu jafnréttismála við skólann. Forvarnarstefna MÍ stuðlar að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífháttum nemenda, áhersla er á forvarnarfræðslu í áfanganum NÁSS1NS03 sem er m.a. í umsjón náms- og starfsráðgjafa og íþróttakennara.

Þá er hluti af forvarnarstarfinu að tryggja að móttaka nemenda sé í samræmi við móttökuáætlanir og er þar sérstaklega hugað að nemendum með sérþarfir eða annað móðurmál en íslensku. Við skólann er forvarnarfulltrúi sem jafnframt er náms- og starfsráðgjafi. Skólinn tekur þátt í Vá-Vest sem er samstarfshópur um forvarnir á Vestfjörðum. Forvarnardagur er fastur liður í starfi skólans. Skólinn er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli en lítil virkni hefur verið í verkefni um tíma. Menntaskólinn á Ísafirði hefur gefið út stefnu um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sbr. kröfur í reglugerð nr. 1009/2015. Skólinn skal vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum og bregðast við ábendingum sem upp koma. MÍ hefur mótað sér stefnu um innri upplýsingamiðlun og samskipti innan MÍ en í stefnunni er skilgreint hvaða formlegu, rafrænu upplýsingamiðla skal nota vegna upplýsinga til nemenda og vegna upplýsinga og samskipta á milli starfsfólks.

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru löggin útfærð. Við MÍ hefur farið fram mikil vinna við mótun gæðastefnu og gæðakerfis skv. ISO 9001 staðlinum. Gæðastefnan nær til allra þátta skólastarfsins og notast er við CCQ gæðakerfið til að halda utan um stýringar skjala í gæðahandbók. Gæðahandbókin, sem fengið hefur nafnið Djúpið, innifelur stefnuskjöl skólans. Gæðakerfi skólans var vottað af ytri úttektaraðilum á vorönn 2021. Mikil ánægja er með kerfið innan skólans og væntingar eru um að innleiðing og eftirfylgni verði markviss.

Ofangreindar stefnur og gæðakerfi bera vott um metnað og vilja til árangurs í þeim málaflokkum sem þær ná til hins vegar er kominn tími á að móta heildarstefnu og framtíðarsýn fyrir skólann með aðkomu starfsmanna, nemenda og foreldra. Vottað gæðakerfi og þriggja ára stefnumiðuð áætlun ríkisaðila, þar sem sett eru fram sex metnaðarfull markmið fyrir skólann, leggja grunn að slíkri stefnumótun. Jafnframt þarf að ganga frá uppsetningu skólanámskrár með formlegum hætti en skólanámskrá hefur ekki verið gefin út síðan árið 2012.

Í MÍ er að öllu jöfnu gróskumikið félagslíf þó fram hafi komið í rýnihópi nemendaráðs að ekki væri auðvelt að vera í stjórn nemendafélags á Covid tímum. Mikill hugur var í nemendum að halda félagslífinu sem bestu þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Stjórn nemendafélags sagðist eiga í góðu samstarfi við húsvörð, stjórnendur og kennara en aðstaða nemendafélagsins væri lítil. Miðrýmið í skólanum, Gryfjan, er skipt á milli hópa að mati stjórnar NMÍ en framundan var eineltisvika og markmiðið að vekja nemendur til umhugsunar um einelti. Félagsmálafulltrúi starfar með nemendafélagi.

Fram kom í máli formanns foreldrafélagsins að starfið hefði að mestu legið niðri í Covid en væri annars með hefðbundnum hætti. Formaður foreldrafélagsins taldi að framtíðarsýn skólans felist í að styrkja metnað og skólamenningu MÍ og mikilvægt væri að gera það í samvinnu við nemendur og skólasamfélagið.

Skólinn er vel búinn tölvum og í öllum skólanum er þráðlaust tölvukerfi. Bókasafnið er til fyrirmyndar með góðri lestrar- og tölvuaðstöðu. Stórt og glæsilegt íþróttahús er við skólann. Fyrsti áfangi verknámshúss var tekinn í notkun í ársbyrjun 1995 og ósamþykkt rými í kjallara heimavistarhúss hefur verið notað fyrir verknámshúss frá árinu 2006. Á heimavist skólans eru 33 herbergi og vistin er vel nýtt. Það kom fram í máli kennara að þó námsumsjónarkerfið sé ágætt, þá þurfi að vera til betri fjar- og dreifnámsbúnaður til að koma náminu og kennslunni betur til skila. Umsjónarmaður fasteigna benti á að fasteignir ríkisins hafi umsjón með viðhaldi bygginga skólans og að vel sé að viðhaldi staðið. Mötuneyti skólans er snyrtilegt, hlýlegt og þar sitja saman nemendur og starfsmenn.

Efnisyfirlit	
Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	6
Menntaskólinn á Ísafirði	8
Nemendur og nám.....	9
Starfsmenn.....	13
Viðmið og vísbendingar	16
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	16
1.1. Um stefnu og áætlanir	16
1.2. Um stjórnendur.....	17
1.3. Um skipulag, verklagsreglur	17
1.4. Um innra mat	18
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	19
2.1. Um nám og kennslu.....	19
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	20
2.3. Um námsmat.....	20
2.4. Um kennara.....	21
2.5. Um námsgögn	21
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	22
3.1. Um skólabrag.....	22
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	22
3.3. Um félagslíf nemenda.....	23
3.4. Um samskipti við foreldra / forráðamenn.....	23
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	23
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	24
Þáttur 5: Lykilárangur	25
5.1. Um námsárangur	25
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	25
5.3. Um langtímaárangur.....	26
Viðaukar – Greinargerð matsmanna	27
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	27
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	38
Umfjöllun um samskipti og líðan	43
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	50

Umfjöllun um lykilárangur	52
Heimildir og tilvísanir.....	55
Listi yfir töflur og myndir	5
Tafla 1. Fjöldi nemenda vor og haust	9
Tafla 2. Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2017 – 2021	10
Tafla 3. Meðalhópastærðir frá vori 2020 til hausts 2021	10
Tafla 4. Fjöldi nemenda á námsbraut eftir kyni að hausti frá 2017 - 2021.....	10
Tafla 5. Viðveruskráning nemenda haustið 2020 vorið 2021.....	12
Tafla 6. Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2017 til 2021	12
Tafla 7. Fjöldi brautskráðra vorin 2017 – 2021 á hverri námsbraut og alls.....	13
Tafla 8. Starfsheiti og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2019.....	14
Tafla 9. Menntun kennara	15
Tafla 10. Upplýsingar um árlegan starfstíma	15
Listi yfir myndir	5
Mynd 1. Skipurit skólans	33

Inngangur

Þessi skýrsla um ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og réð Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í ágúst 2021.

Skýrsluhöfundar heimsóttu Menntaskólann á Ísafirði á haustmánuðum 2021. Tilgangurinn með heimsókninni var að meta og upplifa skólabrag og starfsemi skólans í samfylgd kennara, nemenda og starfsmanna skólans. Ljóst er að Covid-19 hefur haft töluverð áhrif á skólastarfið s.s. kennsluhætti, líðan nemenda og félagslíf þeirra. Matsmenn völdu þá leið að horfa á þessa liði út frá skólanum sjálfum frekar en sérstöku ástandi vegna Covid.

Í fyrsta hluta skýrslunnar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Menntaskólans á Ísafirði. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórdi hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Menntaskólanum á Ísafirði.

Síðan árið 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólalög. Í lögunum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögunum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldu ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólalaldi framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samofið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í ágúst árið 2021 sendi Menntamálastofnun Menntaskólanum á Ísafirði bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggir, meðal annars, á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að ýta undir áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

- 1 Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, forfallakennslu, samninga og skýrslur.
- 2 Vefsvæði skólans (<https://misa.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
- 3 Umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnihópa nemenda og starfsmanna með stýrðu slembivali. Menntaskólans á Ísafirði sá um að boða viðmælendur til funda og rætt var við stjórnendur (skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og fjarnámsstjóra), skrifstofustjóra, sjálfsmats og gæðahóp, hóp kennara, hóp sviðsstjóra, hóp annara starfsmanna, hóp ráðgjafa og tengdra aðila, hóp nemenda, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins og formann skólanefndar. Fjármálastjóri var forfallaður. Viðmælendur voru alls 40.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati skýrsluhöfunda má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum sem þátt tóku í ytra mati á Menntaskólanum á Ísafirði fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Menntaskólinn á Ísafirði

Samkvæmt vefsvæði Menntaskólans á Ísafirði (MÍ) var hann stofnaður árið 1970, sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. MÍ var þá starfræktur í húsi Gamla barnaskólans á Ísafirði við Aðalstræti. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla, sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 þegar samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður.

Í ársskýrslum skólans árin 2019 og 2020 kemur fram að hlutverk MÍ er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Því er lögð áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans. Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám, bæði á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhiða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfá þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Í stefnum skólans og gæðahandbók mótast skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar. Upplýsingar þar um eru birtar á vefsíðu skólans.

Eins og fram kemur á vefsíðu skólans er Menntaskólinn á Ísafirði staðsettur í fögru umhverfi í höfuðstað Vestfjarða. Skólinn er af heppilegri stærð þannig að nemendur hverfa ekki í fjöldann. Lögð er áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og nám- og starfsráðgjöf. Skólinn er vel búinn tölvum og í öllum skólanum er þráðlaust tölvukerfi. Sífelld fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu með námsumsjónarkerfi á netinu er nefnist Moodle. Húsakynni skólans eru björt og rúmgóð og öll á einni lóð, þar á meðal vel búit verknámshús fyrir málmiðngreinar og vélstjórnarbraut. Einnig er ágæt aðstaða fyrir rafiðngreinar og fullbúin aðstaða er fyrir nám í húsasmíði og grunndeild háriðngreina, sem þó er í ósamþykktu rými í kjallara heimavistar. Bókasafnið er til fyrirmyndar með góðri lestrar- og tölvuaðstöðu. Stórt og glæsilegt íþróttahús er við skólann. Falleg útivistarsvæði eru á næstu grösum og stutt er í skíðalandið. Nemendur stunda nám við skólann á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Jafnan er reynt að gæta þess að nám sem lokið er á einni braut skólans nýtist þótt skipt sé um námsbraut.

Einkunnarorð skólans eru:

Metnaður

Víðsýni

Virðing

Árangur

Nemendur og nám

Kjarnastarfsemi Menntaskólans á Ísafirði er kennsla nemenda á framhaldsskólaaldri, eins og fram kemur í stefnuviðmiðum stofnunarinnar fyrir tímabilið 2021 til 2023. Fjöldi nemenda sem stundaði nám við skólann á vorönn 2020 voru 462. Þar af voru 178 nemendur í dagskóla en 284 nemendur í lotubundnu dreifnámi eða fjarnámi. Nemendur sem stunduðu nám við skólann á haustönn 2020 voru 458. Þar af voru 170 nemendur í dagskóla og 288 nemendur í lotubundnu dreifnámi eða fjarnámi. Nemendur skiptast á eftirtaldar námsbrautir; félagsvísindabraut, fjarnámsbraut, framhaldsskólabraut, grunnnám hár- og snyrtigreina, grunnnám málm- og véltæknigreina, húsasmíðabraut, lista- og nýsköpunarbraut, náttúruvísindabraut, opna stúdentsbraut, sjúkraliðabraut, skipstjórnarbraut A, skipstjórnarbraut B, starfsbraut fyrir fatlaða nemendur, stálsmíði, stúdentspróf af fagbraut og vélstjórnarnám A.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt voru nemendur flestir á haustönn 2021 eða 529, en fæstir á vorönn 2017 eða 317. Hér munar alls 212 nemum. Auk þess kemur fram að nemendur á vorönn eru oftast færri en á haustönn og er munurinn mestur árið 2017 eða 83 nemendur. Árið 2020, aftur á móti, fjölgar nemendum úr 460 á haustönn í 472 á vorönn.

Tafla 1.

Fjöldi nemenda vor og haust 2017–2021

	2017		2018		2019		2020		2021	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Fjöldi nem.	213	215	202	185	182	178	171	157	165	162
Alls	400	317	413	383	430	412	460	472	529	466

Nemendur í Menntaskólanum á Ísafirði koma víða að. Stór hópur nemenda kemur úr sama pósthúsi og skólinn er í, en það er eftirtektarvert í gögnum frá Menntaskólanum á Ísafirði hve stór hópur nemenda kemur frá öðrum landsvæðum, þá sérstaklega nemendur í fjarnámi eða dreifnámi.

Í tölulegum upplýsingum frá Menntaskólanum á Ísafirði kemur fram að yngsti nemandi skólans er 15 ára og sá elsti er 65 ára, þannig að aldersdreifingin í skólanum er töluverð. Á haustönn 2020 voru 204 karlar skráðir í skólann og 256 konur. Á vorönn 2021 voru 214 karlar skráðir í skólann og 252 konur. Á haustönn 2020 voru 99 karlar og 120 konur í skólanum á aldrinum 15 til 20 ára, en á vorönn 2021 voru 103 karlar og 117 konur í skólanum á aldrinum 15 til 20 ára.

Tafla tvö sýnir þróun í innritun nýnema að hausti frá árinu 2017 til ársins 2021. Heildarfjöldi nýnema var mestur árið 2018 eða 67 og minnstur árið 2019 eða 39, en árið 2021 eru nýnemar 56. Flestir hafa nýnemar verið 67 árið 2018 en fæstir 39 árið 2019.

Tafla 2.

Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2015–2019

Ár	Karlar	Konur
2017	22	25
2018	37	30
2019	19	20
2020	28	21
2021	21	35

Í töflu þrjú kemur fram að meðalstærð hópa haustið 2020 var 15,68 nemendur með starfsbraut og um vorið 2021 15,42. Lítil munur er á hópastærðum milli anna.

Tafla 3.

Meðalhópastærðir á haustönn 2020 og vorönn 2021

Haustönn 2020	Vorönn 2021
15,68 nemendur	15,42 nemendur

Tafla fjögur sýnir fjölda nemenda á námsbraut frá árinu 2017 til ársins 2021. Mestur fjöldi nemenda á tímabilinu sækir nám á opinni námsbraut. Einhver fækkun á sér stað á náttúruvísindabraut. Góður hópur sækir líka nám á sjúkraliðabraut.

Tafla 4.

Fjöldi nemenda á námsbraut greind eftir kyni 2017 til 2021

Námsbrautir		2017		2018		2019		2020		2021	
Framhaldsskólabraut	FB	3	1	2		1					
Félagsfræðabraut	FÉ	5	10	1	2						
Félagsvísindabraut (ný námskrá)	FV	11	28	14	27	7	15	14	14	9	15
Félagsvísindabraut afreksíþróttasvið (ný námskrá)	FVA					2	1	2	2	2	2
Fjarnámsbraut	FJAR	22	58	27	66	29	65				

Opin stúdentsbraut - fjarnám (ný námskrá)	OVFJ							30	67	39	76
Grunnnám málmíðngreina	MG	12	2	5	1	2					
Grunnnám málm- og véltæknigreina (ný námskrá)	GMV			12	2	20		11	1	9	5
Grunnnám hár- og snyrtigreina	HG						8				
Grunnnám háriðngreina (ný námskrá)	GHÁR								7		7
Grunnnám rafiðna (ný námskrá)	GRAF							10		15	4
Húsasmíði	HÚ8	17	1	3							
Húsasmíði - ný námskrá (ný námskrá)	HÚS			18	5	17	6	22	1	15	8
Lista- og nýsköpunarbraut (ný námskrá)	LNÝ	9	1	10	7	3	4	5	3	6	8
Nám til iðnmeistararéttinda (ný námskrá)	MEIS									24	2
Náttúrufræðabraut	NÁ	9	8	3	1						
Náttúruvísindabraut (ný námskrá)	NV	26	22	20	23	7	16	8	13	6	10
Náttúruvísindabraut - afreksíþróttasvið (ný námskrá)	NVA					5	4	5	5	5	7
Opin stúdentsbraut (ný námskrá)	OV	18	19	32	48	33	50	41	50	35	50
Opin stúdentsbraut - afreksíþróttasvið (ný námskrá)	OVA					14	9	13	7	10	7
Skipstjórnarnám A	SA	21	1	9							
Skipstjórnarnám A (ný námskrá)	SSA					34	1	15		25	2
Skipstjórnarnám B	SB	6		5							
Skipstjórnarnám B (ný námskrá)	SSB							7		5	
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VSS	6	6								
Stúdentspróf af fagbraut (ný námskrá)	SF			2			1	1	6	2	8
Sjúkraliðabraut	SJ	4	47		14						
Sjúkraliðabraut (ný námskrá)	SJÚ			2	35	4	57	1	76		82
Sjúkraliðabrá	SJB		1						3		5
Stálsmíði	SM8	1									
Stálsmíði (ný námskrá)	STÁL					6	2	8	1	13	
Starfsbraut	ST1	3	1	3	1	4	1	5		5	4
Vélstjórnarnám A	VVA	13	1	7	1	1		5			
Vélstjórnarnám B	VVB	8		4							

Samtals allir	194	207	179	233	189	240	203	256	225	302
Samtals allir	401		412		429		459		527	

Samkvæmt töflu fimm er viðvera að hausti 2020 verri en að vori 2021. Fleiri virðast þurfa leyfi að vori 2021, eða 4%, en að hausti 2020 eða 2%. Óútskýrð fjarvera er aftur á móti svipuð milli anna, eða 17% haustið 2020 og 18% haustið 2021.

Tafla 5.

Viðveruskráning nemenda haustið 2020 vorið 2021 (sem hlutfall af heildartímafjölda)

	Haustið 2020	Vorið 2021
Mæting	68%	71%
Veikindi	2%	3%
Of seint	1%	2%
Leyfi	2%	4%
Óútskýrð fjarvera	17%	18%

Í töflu sex kemur fram brotthvarf nemenda haust og vor árin 2017 til 2021. Meðaltal brotthvarfs er minnst árið 2017 eða 1,85%, en árin 2018 og 2019 var brottfallið 3,4% og 3,6%. Minnst er brotthvarf nemenda haustið 2020 eða 1,2%.

Tafla 6.

Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2017 til 2021

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2017	1,4	2,3	1,85
2018	2,5	4,3	3,4
2019	4,5	2,7	3,6
2020	1,2	3,8	2,5
2021		2,5	

Tafla sjö sýnir fjölda brautskráðra vorin 2017 til 2021 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af opinni stúdentsbraut eða 66 og 43 nemendur hafa útskrifast af náttúruvísindabraut á tímabilinu. Árið 2017 eru brautskráðir nemendur 61 nemandi, árið 2018 107, árið 2019 56, árið 2020 74 og árið 2021 71. Alls hafa brautskráðst 369 nemendur frá Menntaskólanum á Ísafirði frá árinu 2017. Meðal námstími er ekki áætlaður þar sem námstími eftir brautum er misjafn og framboð á námi mikið og fjölbreytt.

Tafla 7.

Fjöldi brautskráðra vorin 2017–2021 á hverri námsbraut og alls

Námsbraut	2017	2018	2019	2020	2021	Alls
Félagsfræðabraut	12	11				23
Félagsvísindabraut	2	11	13	10	4	40
Húsasmíði		7			10	17
Lista- og nýsköpunarbraut		3	4	2	2	11
Náttúrufræðabraut	17	17	1			35
Náttúruvísindabraut		19	8	11	5	43
Náttúruvísindabraut - afreksípróttasvið				2		2
Opin stúdentsbraut	1	8	15	23	19	66
Opin stúdentsbraut - afreksípróttasvið				9		9
Sjúkraliðabraut	2	3	4	3	7	19
Sjúkraliðabrá		1		1	8	10
Skipstjórnarbraut A	1	5	3	5		14
Skipstjórnarbraut B	2	2	2	2	4	12
Starfsbraut	1		1		1	3
Stálsmiði	5				1	6
Stúdentspróf af fagbraut		2	2	5	8	17
Vélstjórnarnám A	8	6	3		2	19
Vélstjórnarnám B	8			1		9
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	12				14
Samtals	61	107	56	74	71	369

Starfsmenn

Í stefnuviðmiðum Menntaskólans á Ísafirði kemur fram að um þessar mundir er fjöldi starfsmanna 47. Þar af sinna 37 kennslu. Tuttugu og þrjú eru í fullu starfi, aðrir í minna starfshlutfalli. Konur eru 22 og karlar 25. Af þeim sem sinna kennslu eru konur 16 og karlar 21. Í yfirstjórn skólans er skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri og fjármálastjóri. Starfsárið 2020 til 2021 eru fjórar konur og einn karl. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri eru í 100% starfshlutfalli. Fjármálastjóri er í 75% starfshlutfalli og fjarnámsstjóri er í 50% starfshlutfalli. Starfsfólk við skólann er á aldrinum 28 til 66 ára. Meðalaldur starfsfólks við skólann er 48 ár.

Samkvæmt töflu átta er meðalstarfsaldur 6,5 ár, stöðugildi í kennslu eru 22,4, stöðugildi samtals eru 37,3 og fjöldi starfsmanna er 50.

Tafla 8.

Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2021

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	100		
Aðstoðarskólameistari			1	100
Áfangastjóri			1	100
Fjarnámsstjóri			1	50
Fjármálastjóri			1	75
Framhaldsskólakennari/-ar	5	4,8	14	9,1
Leiðbeinandi/-ur	10	6,2	7	2,4
Forstöðumaður bókasafns , gæða- og skjalastjórnun			1	100
Náms- og starfsráðgjafi			1	100
Umsjónarmaður fasteigna	1	100		
Umsjón tölvukerfis	1	7		
Forstöðumaður FabVest	1	100		
Verkefnastjóri FabVest	1	50		
Skólafulltrúi			1	100
Vistarvörður	1	25	1	25
Forstöðumaður mötuneytis	1	75		
Matráður, ræstitæknir			1	75
Ræstitæknir verknámsrýmis			1	80
Stuðningsfulltrúi			1	70
Stuðningsfulltrúi			1	70
Stuðningsfulltrúi			1	70
Aðrir				
Samtals	16	15,6	34	21,7

Samtals fjöldi starfsmanna	50
Samtals stöðugildi	37,3
Stöðugildi í kennslu	22,4
Meðal starfsaldur	6,5
Hlutfall réttindakennara starfshlutfall	0,62

Í hópi kennara hafa 17 einstaklingur lokið meistaranámi auk kennsluréttinda, fimm hafa BA/BS-próf auk kennsluréttinda og tíu kennarar eru með háskólapróf án kennsluréttinda. Þrír kennarar hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda, fjórir hafa lokið annarri menntun án kennsluréttinda, eins og sjá má í töflu 9.

Tafla 9.
Menntun kennara haust 2021

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	
PhD án kennsluréttinda	
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	17
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	5
Háskólapróf án kennsluréttinda	10
Önnur menntun auk kennsluréttinda	3
Önnur menntun án kennsluréttinda	4

Í tölulegum upplýsingum frá Menntaskólanum á Ísafirði kemur fram að frá árinu 2017 hafa 27 nýir starfsmenn komið til starfa. Einum hefur verið sagt upp vegna samdráttar á kennslusviði. Þrír hafa hætt vegna tímabundinnar ráðningar. Níu hafa sagt upp störfum. Fjórir hafa hætt fyrir aldurs sakir. Sex starfsmenn hafa notið námsleyfis.

Samkvæmt skóladagatali Menntaskólans á Ísafirði þá er fjöldi skóladaga 180 og starfsdagar aðliggjandi skólaári 4. Skólaárið 2019 til 2020 miðast við 19. ágúst 2019 og lauk því 23. maí 2020. Skólaárið 2020 til 2021 miðast við 18. ágúst 2020 og lauk 22. maí 2021. Samtals níu skóladagar féllu niður vegna Covid-19 á umræddu tímabili, samanber töflu 10.

Tafla 10.
Upplýsingar um árlegan starfstíma Menntaskólans á Ísafirði.

2019-2020	2020-2021
19.08.2019-23.05.2020	18.08.2020-22.05.2021
173 dagar*	178 dagar*
*Kennsla féll niður í 7 daga á vorönn 2020 vegna óveðurs og heimsfaraldurs covid-19	*Kennsla féll niður í 2 daga á haustönn 2020 vegna heimsfaraldurs covid-19

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		M	S	
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		M	S	
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		M	S	
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.			SM	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.		S	SM	

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.			M	S
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.		S	SM	
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		SM		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			SM	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		M	S	

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.		M	S	
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.				SM*
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		M	S	

*Ekki hefur verið gefin út skólanámskrá sem formlegt skjal síðan árið 2012 en finna má helstu upplýsingar á heimasíðu.

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	SM			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	SM			
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.		M	S	
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		SM		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		M	S	

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	S	M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	M	S		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	M	S		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		SM		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		SM		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýnninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		M	S	
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	S	M		

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	S	M		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		M	S	

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		M	S	

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	M	S		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		SM		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.		M	S	
45. Nemendum líður vel í skólanum.		M		S
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.			SM	

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		SM		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.				SM

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	M	S		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		M	S	

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			M	S
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		M	?S	
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			M	S

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólaeiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		M	S	
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.				SM
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		M	S	

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		SM		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.		SM		
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	S	M		
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	S	M		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	S	M		

Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		M	S	
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.			SM	

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		SM		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		SM		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		SM		
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		SM		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		SM		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		SM		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				SM
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		SM		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		SM		

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Menntaskólanum á Ísafirði haustið 2021. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólasterfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Menntaskólinn á Ísafirði starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Í gæðahandbók skólans má sjá gott yfirlit yfir ytri kröfur er varða starfsemi MÍ (LEI-0036). Menntaskólinn á Ísafirði hóf starfsemi sína haustið 1970 og fagnaði því 50 ára afmæli 3. október 2020. Í ársskýrslu skólans kemur fram að það hafi verið ötulli baráttu heimamanna að þakka að skólinn var stofnaður. Fyrirhuguð voru mikil hátíðarhöld í tilefni afmælisins en aðstæður í þjóðfélaginu á tímum covid urðu þess valdandi að þau urðu smærri í sniðum. Hlutverk skólans er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því leggur skólinn ríka áherslu á samstarf við atvinnulífið á svæðinu. Sérstaða skólans er að vera eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og skólinn leggur því áherslu á að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknaðs- og starfsnámsbrautum, sjá töflu fjögur. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólasterfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfá þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Ekki hefur verið gefin út heildstæð skólanámskrá síðan árið 2012 en segja má að allir meginþættir skólanámskrár séu birtir á heimasíðu skólans í stökum efnisþáttum. Fyrstu innrituðu nemarnir skv. nýjum brautarlýsingum voru inritaðir haustið 2015 en haustið 2019 voru allar námsbrautir kenndar samkvæmt nýjum brautarlýsingum sem byggja á aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur sett sér stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólasterfsins. Í máli skólameistara kom fram að stefnumótunin væri verkefni sem væri í stöðugri vinnslu. Það hefði tekið drjúgan tíma að innleiða breytta kennsluhætti með leiðsagnarnámi og árið 2015 voru svo til allir áfangar án lokaprófa. Þetta breytingaferli var unnið í hópum með sviðsstjórum. Þá kom fram hjá skólameistara að síðustu misseri hefði jafnlaunavottun og skipulag gæðakerfis tekið mikinn tíma og orku. Skólanefnd, foreldrar og nemendur hafa ekki verið þátttakendur í stefnumótuninni en kennarar og starfsmenn hafa tekið þátt í uppsetningu gæðakerfis og starfaflokkun vegna jafnlaunakerfis. Á síðasta fundi skólanefndar var samþykkt að fara í stefnumótunavinnu fyrir skólann.

Frá árinu 2015 til ársins 2020 gildi skólasamningur menntamálaráðuneytis og Menntaskólans á Ísafirði um starfsemi MÍ. Skólasamningur var um það hvernig MÍ uppfyllir lögbundið hlutverk sitt, helstu áherslur og markmið í starfsemi skólans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila hefur verið í gangi frá 1. janúar 2017. MÍ setur sér stefnu og markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila og gerir grein fyrir árlegri stöðu þeirra í ársskýrslu. Markmið fyrir árin 2021- 2023 og viðmið skv. ársskýrslu eru;

1. Minnka brotthvarf nemenda við skólann

Í fyrsta lagi leggur skólinn áherslu á að hækka hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum. Hlutfallið var 63% árið 2019 og er stefnt að því að það verði 75% árið 2023. Í öðru lagi að brotthvarf úr skólanum fari ekki yfir 5% á ári. Brotthvarfið árið 2019 var 9,2% og er stefnt að því að það verði undir 5% árið 2023. Í þriðja lagi að brottfall úr áföngum fari ekki yfir 8% að meðaltali. Árið 2019 var brottfallið 9,1% og er stefnt að því að það verði 5% árið 2023.

2. Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi

Mælikvarðar eru í fyrsta lagi að hlutfall nemenda á starfs-, verk- og listnámsbrautum hækki en árið 2019 voru nemendur á starfs-, verk- og listnámsbrautum 32% og er stefnt að því að það verði 36% árið 2023. Í öðru lagi er mælikvarði hlutfall brautskráðra nemenda í starfs- og tækninámi samanborið við nemendur í bóknámi. Árið 2019 var staðan sú að 29% voru brautskráðir úr starfs- og tækninámi en 71% úr bóknámi (stúdentspróf). Stefnt er að því að árið 2023 verði hlutfallið orðið 36% úr starfs- og tækninámi og 64% úr bóknámi. Í þriðja lagi er mælikvarði hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af námsbrautum í starfs- og tækninámi. Staðan árið 2019 var sú að 62,5% nýnema luku námi innan fjögurra ára. Stefnt er að því að árið 2023 verði þetta hlutfall komið í 66%.

3. Auka gæði menntunar við skólann

Tveir mælikvarðar eru settir í þessu markmiði. Í fyrsta lagi er það fjöldi rafrænna ferilbóka en staðan árið 2019 er engin rafræn ferilbók. Stefnt er að því að árið 2023 verði þær orðnar 3. Í öðru lagi er mælikvarði hlutfall réttindakennara við skólann. Árið 2019 var staðan þannig að þeir voru 69% þeirra sem sinntu kennslu en stefnt er að því að hlutfall réttindakennara verði orðið 85% árið 2023.

4. Draga úr umhverfisáhrifum

Horft er til tveggja mælikvarða. Í fyrsta lagi er það framþróun í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Árið 2019 var skólinn ekki orðinn þátttakandi í verkefninu en viðmið árið 2023 er að skólinn hafi lokið öllum 5 skrefum verkefnisins. Í öðru lagi verður fylgst með notkun og förgun á pappír en staðan árið 2019 var að skólinn notaði um 100.000 blaðsíður af pappír á ári. Stefnt er að því að sú tala verði komin niður í 60.000 blaðsíður árið 2023. Einnig verði marvisst stefnt að fjölgun fjarfunda í tengslum við stjórnslu.

5. Innleiðing gæðakerfis vegna gæðavottaðs verknáms

Lögð er áhersla á að gæðakerfi skólans þjóni sem best starfsemi hans á hverjum tíma. Mælikvarði á þetta markmið er hlýting staðla í gæðahandbók. Árið 2019 var hlýting staðalsins

ISO 9001:2015 orðin 63%. Stefnt er að því að allt skólastarf verði vottað samkvæmt ISO 9001:2015 í desember 2021.

Vottun á gæðakerfi var staðfest í maí 2021 og var því á undan fyrirhugaðri áætlun.(innskot skýrsluhöfunda)

6. Aukin starfsþróun og starfsánægja

Tveir mælikvarðar eru notaðir til að leggja mat á þetta markmið. Sá fyrri er að halda að lágmarki eitt endurmenntunar- og starfsþróunarnámskeið á önn. Staðan árið 2019 var að eitt námskeið var haldið hvora önn. Stefnt er að því árið 2023 að haldin verði 2 námskeið á önn. Síðari mælikvarðinn er að skólinn verði ofan við miðju í flokki meðalstórra stofnana í niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins sem metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana. Árið 2019 var skólinn í 19. sæti af 44 í könnuninni af stofnunum sem teljast meðalstórar. Stefnt er að því að árið 2023 verði skólinn í efsta fjórðungi stofnana af þessari stærð.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur sett sér persónuverndarstefnu og er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá skólanum í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Gerð stefnunnar var lokið á vorönn 2020 og var stefnan þá gefin út í Gæðahandbók skólans. Menntaskólinn á Ísafirði vinnur með persónuupplýsingar til að uppfylla skyldur sínar gagnvart nemendum, en megintilgangur vinnslunnar er oftast að mæta þörfum þeirra. Tilgangur stefnunnar er að fræða nemendur og forráðamenn þeirra svo þeir séu upplýstir um hvernig skólinn vinnur með persónuupplýsingar. Persónuverndarstefna MÍ er í fjórum köflum

Kafli 1 Hvenær vinnur Menntaskólinn á Ísafirði með upplýsingar

Kafli 2 Hvaða upplýsingar vinnur skólinn með

Kafli 3 Hvaðan koma persónuupplýsingar sem MÍ vinnur með

Kafli 4 Hvernig vinnur skólinn með persónuupplýsingar

Skólameistari ber ábyrgð á persónuverndarstefnu skólans en persónuverndarfulltrúi hóf störf haustið 2019 og hóf hann þá vinnu við gerð stefnunnar ásamt vinnsluskráa og vinnslusamninga við vinnsluaðila skólans. Persónuverndarfulltrúi sér einnig um að upplýsa starfsmenn um skyldur þeirra, sinnir þjálfun og fræðslu um persónuverndarmál, veitir ráðgjöf um persónuvernd, framkvæmir úttektir, tekur á móti fyrirspurnum og beiðnum frá einstaklingum sem verið er að vinna með upplýsingar um og er tengiliður við Persónuvernd. Persónuupplýsingar sem MÍ vinnur með eru varðveittar í nokkrum tölvukerfum og pappírsskjalasafni.

Menntaskólinn á Ísafirði er vinnustaður sem hefur jafnrétti að leiðarljósi. Jafnréttisstefnu skólans er ætlað að stuðla að jafnri stöðu einstaklinga innan skólans, þ.e. starfsfólks og nemenda og vinna gegn hvers kyns misrétti. Hún er byggð á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Áhersla er lögð á að jafnrétti sé túlkað í breiðum skilningi. Einstaklingar eiga að hafa jöfn tækifæri óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu, aldri, búsetu, fötlun, þjóðernisuppruna, lífsskoðun, eða skertri starfsgetu. Starfandi er jafnréttisnefnd við skólann og er jafnréttisfulltrúi formaður hennar. Jafnréttisáætlunin er nú í endurskoðun og verður ný lögð fram í janúar 2022. Nefndin fylgist með framgangi verkefna og umræðu um jafnréttismál innan skólans auk þess að endurskoða jafnréttisstefnu skólans á 2ja ára fresti. Í jafnréttisáætlun er annars vegar lögð áhersla á skólann sem vinnustað og hins vegar skólann sem menntastofnun. Jafnréttisáætlun er samþykkt á starfsmannafundi og undir lok hvers almanaksárs er

staða aðgerða samkvæmt áætluninni metin. Eftirtektarvert er að í könnuninni Stofnun ársins 2020 eru þrjú stigahæstu svör MÍ tengd jafnréttismálum.

- Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum = 4,85
- Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja = 4,70
- Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna = 4,65

Menntaskólinn á Ísafirði hefur sett sér launa- og jafnlaunastefnu. Jafnlaunakerfinu er ætlað að tryggja að allt starfsfólk Menntaskólans á Ísafirði njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Innleiðing jafnlaunastaðals hófst á vorönn 2018 en ásamt gæðastjóra var skipaður hópur sjö starfsmanna með fulltrúum stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna sem unnu að starfaflokkun. Í kjölfar þess var gerð launagreining sem framkvæmd var af launagreiningarteymi sem í sátu gæðastjóri, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri. Vottunarstofan iCert sá um lokaúttektina og vottun var staðfest í desember 2019. Viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi fór fram í nóvember 2021. Jafnlaunahandbók er skv. ÍST 85:2012.

Forvarnarstefna Menntaskólans á Ísafirði stuðlar að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífsháttum nemenda. Áhersla er lögð á að efla andlega og líkamlega heilsu og vellíðan, styrkja sjálfstraust og efla félagsþroska og sjálfsvirðingu nemenda. Áhersla er lögð á að styðja nemendur í því að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að þeim. Rík áhersla er lögð á öflugt fræðslustarf undir stjórn forvarnarfulltrúa skólans. Markmið stefnunnar er

- að nemendur taki ábyrga afstöðu og ákvarðanir varðandi heilbrigðan lífsstíl og lifnaðarhætti
- að nemendur búi yfir sjálfstrausti og sjálfþekkingu svo þeir séu tilbúnir til að taka ábyrgð á eigin lífi
- að minnka líkur á áhættu hegðun

Við skólann starfar forvarnarfulltrúi, sem jafnframt er náms- og starfsráðgjafi. Hann hefur umsjón með stefnumörkun forvarna í skólanum og stuðlar að því að forvarnir í víðum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans í samvinnu við starfsfólk, nemendur og forráðamenn. Megin áhersla á forvarnafræðslu er í áfanganum NÁSS1NSO3 sem er m.a. í umsjón náms- og starfsráðgjafa og íþróttakennara skólans. Þá tekur náms- og starfsráðgjafi skólans þátt í Vá-Vest sem er samstarfshópur um forvarnir á Vestfjörðum. Forvarnafræðsla síðustu annir hefur verið með öðrum hætti vegna COVID og voru fyrirlestrar á vegum Ástráðs, Hugrúnar og Píeta samtakanna rafrænir. Forvarnardagurinn er fastur liður í starfi skólans. Þá er hluti af forvarnastarfinu að tryggja að móttaka nemenda sé í samræmi við móttökuáætlanir og að sérstaklega sé hugað að nemendum með sérþarfir eða annað móðurmál en íslensku.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur verið hluti af verkefni Landlæknisembættis um Heilsueflandi framhaldsskóla og er stórt skilti því til staðfestingar við inngang skólans. Í máli skólameistara kom fram að lítill kraftur hefði verið í þessu verkefni um nokkurn tíma en nú hefði verið boðað til fundar að nýju. Skólinn hefur skilgreint starf verkefnastjóra heilsueflandi framhaldsskóla.

Skólinn hefur sett sér viðbragðsáætlun við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl. og er markmið áætlunarinnar að tryggja skipulögð viðbrögð og að nauðsynleg aðstoð berist á sem skemmstum

tíma ef hættuástand skapast. Skipuð hefur verið neyðarstjórn innan skólans sem stjórna á aðgerðum þegar viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð.

Þá hefur skólinn gefið út skjal um viðbúnaðarstig vegna óveðurs sem lýsir viðmiðum á almennu viðbúnaðarstigi, viðbúnaðarstigi 1 og viðbúnaðarstigi 2.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur gefið út stefnu um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Stefnunni er ætlað að uppfylla kröfur sem gerðar eru til skólans í reglugerð nr. 1009/2015 og er ætlað að sýna hvernig skólinn vinnur að því að koma í veg fyrir og bregðast við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í skólanum. Stefna Menntaskólans á Ísafirði er að starfsfólki og nemendum sé óheimilt að leggja aðra í einelti í skólanum, áreita kynferðislega, áreita á grundvelli kyns eða beita öðru ofbeldi. Skólinn skal vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum og bregðast við ábendingum sem upp koma. Stefnan innifelur skilgreiningu á helstu hugtökum, hverjar eru fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við ábendingum.

MÍ hefur mótað sér stefnu sem nær yfir innri upplýsingamiðlun og samskipti innan MÍ, þ.e. upplýsingar og samskipti til og á milli stjórnenda, starfsfólks og nemenda. Í stefnuskjalinu er listað upp hvernig upplýsingum og samskiptum er háttað annars vegar hvað varðar nemendur og hins vegar hvað varðar starfsfólk.

Formlegir upplýsingamiðlar skólans vegna upplýsinga til nemenda eru;


- Heimasíða er formlegur miðill vegna allra upplýsinga um skólastarf frá stjórnendum. Þar skulu einnig vera hlekkir á aðra upplýsingamiðla og samskiptakerfi.
- Moodle er námsumsjónarkerfi skólans. Þar skulu vera allar upplýsingar um skipulag náms í áföngum, námsefni og verkefni.
- Tölvupóstur er formlegur samskiptamiðill skólans. Mikilvæg skilaboð til nemenda skulu send í tölvupósti.

Eftirfarandi eru formlegir upplýsingamiðlar skólans vegna upplýsinga og samskipta á milli starfsfólks.

- Heimasíða er formlegur miðill vegna allra upplýsinga um skólastarf frá stjórnendum. Þar skulu einnig vera hlekkir á aðra upplýsingamiðla og samskiptakerfi.
- Tölvupóstur er formlegur samskiptamiðill skólans. Mikilvæg skilaboð á milli starfsfólks skulu send í tölvupósti.
- Vikupóstur er sendur frá stjórnendum til starfsfólks í lok hverrar viku með dagskrá komandi viku.

Ofangreindar stefnur og stefnumið skv. 3ja ára áætlun ríkisaðila bera vitni um metnað og vilja til árangurs í þeim málaflokkum sem þær ná til. Ljóst er að tími er kominn á heildstæða stefnumótun fyrir skólann sem tekur á öllum þáttum skólastarfsins, framtíðarsýn og sérstöðu með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti sem nýtast sem best blönduðum nemendahópi í dagskóla, fjarnámi og dreifnámi. Gæðastefna og gæðahandbók hafa þegar lagt grunninn að slíkri stefnumótun og mikilvægt er að allt skólasamfélagið komi að því verkefni.

Skipurit Menntaskólans á Ísafirði



Skipurit Mí skýrir myndrænt uppbyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans og tengjast skólanum utan hans þ.e. skólanefndar og ráðuneytis. Setja má spurningu við hvort námsbrautir skólans eigi að vera hluti af skipuriti.

Samkvæmt skipuriti skólans eru fimm í yfirstjórn hans þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri og fjármálastjóri. Þá er skólanefnd og skólaráð staðsett með yfirstjórn skólans. Stjórnendur skólans fundar einu sinni í viku og oftár eftir þörfum. Teymið gengur undir nafninu FÁSA en í því sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og fjarnámsstjóri. Teymið er

skólameistara til samráðs við daglega stjórnun skólans. Í teyminu eru tekin til umfjöllunar mál er varða ytri kröfur og erindi, námsframboð, daglegt skipulag og verkefni, mannauðsmál, verklag og fjármál. Þá funda stjórnendur með náms- og starfsráðgjafa einu sinni í viku eða oftast eftir þörfum. Teymið gengur undir nafninu NÁSA og í því sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri og náms- og starfsráðgjafi. Teymið hefur til umfjöllunar málefni nemenda.

Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf og gildandi samninga milli skólans og ráðuneytis. Skólameistari hóf störf við MÍ árið 1987 en tók við starfi skólameistara árið 2007. Þá hafði hann tímabundið sinnt störfum utan skólans. Skólameistari taldi að skólabragurinn væri næstum því að komast í þann farveg sem var fyrir covid og að skólinn komi ágætlega út í Stofnun ársins hvað varðar skólabrag. Skólameistari og aðstoðarskólameistari taka starfsmannasamtöl en í covid hefur þetta færst yfir í rafræn snerpusamtöl og þeim fækkað. Stefnt er að einu starfsmannasamtali á önn og innra matið lagt til grundvallar starfsmannasamtölum. Skólameistari taldi það framför að fjarnámsstjóri í hálfu starfi væri kominn til starfa og inn í stjórnendateymið enda fjarnámsnemendur orðnir fleiri en dagskólanemar. Í máli skólameistara kom fram að fjölgun nemenda hefði verið eitt stærsta verkefni skólans síðustu ár og það hefði tekist einstaklega vel með tilkomu fjarnáms og dreifnáms. Stjórnendur fundi að lágmarki einu sinni í viku og með námsráðgjafa einu sinni í viku, þá eru vikuplan sent úr í hverri viku þar sem fram kemur hvað er á döfinni, það er ekki skortur á samstarfi að mati skólameistara. Skólameistari gat um að á síðustu misserum hefðu verið í gangi mörg stór verkefni s.s. innleiðing á gæðakerfi, jafnlaunavottun, nýtt skjalavistunarkerfi Gopro o.fl. og verkefnunum virðist fylgja þreyta og þirringur og það sem menn kalla kulnun í starfi. Þetta væri ekki áhyggjuefni en stjórnendur væru meðvitaðir um þreytu og álag sem vinna þarf með. Þá kom fram hjá skólameistara að framtíðarsýn skólans væri að fá betra húsnæði fyrir verknámið. Mikið hafi verið unnið með fjarnám og þar með bættu kennsluhætti og námsmat. Fjarnámsnemar væru stór þáttur í aukningu nemendafjölda og lotubundið nám í verknámsgreinum gengur mjög vel. Sérstaklega var horft til þeirra námsgreina þar sem vöntun er á fólki á vinnumarkaði. Betri staða í atvinnulífinu og bætta samgöngur ýti undir aðsókn að skólanum og heimavistin er vel nýtt.

Í könnun Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) Stofnun ársins sem metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana er stjórnun einn þátturinn. Í könnuninni 2019-2020 var stjórnunarþáttur MÍ 4,23 sem var það sama og landsmeðaltal skóla og háskóla, skólaárið 2018-2019 var stjórnun MÍ 4,21 sem var töluvert yfir meðaltali skóla og háskóla sem var 4,10 og skólaárið 2017-2018 var niðurstaðan í stjórnun fyrir MÍ 4,08 en landsmeðaltal skóla og háskóla 4,05. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að vaxandi ánægja sé hjá starfsfólki skólans með stjórnun MÍ. Það kom þó fram hjá viðmælendum að kallað væri eftir meiri faglegri forystu til að leiða stofnunina. Skólameistari væri ekki mikið áberandi í starfi skólans og ekki væri samstaða um hlutina innan stjórnendahópsins. Skólastjórnendur þyrftu að skipuleggja sig betur og vinna meira saman. Þá kom fram hjá viðmælendum að mikil orka hefði farið í að vinna gæðakerfið og að gæðakerfið væri frábært, en eftirfylgni með gæðakerfinu þyrfti að vera betri. Það kom hins vegar fram hjá formanni skólanefndar að samstarf nefndarinnar og skólameistara væri gott og hann hefði ekki heyrt um annað en jákvæð viðhorf til stjórnenda skólans.

Í starfslýsingu aðstoðarskólameistara sem birt er í gæðahandbók kemur fram að hann vinnur með skólameistara að daglegum rekstri og stjórnun skólans. Þá annast aðstoðarskólameistari m.a. kennsluskiptingu, ber ábyrgð á framkvæmd fjarvistaskráninga og sendir út viðvaranir um óviðunandi mætingar, stjórnar kynningum skólans, þróar námsframboð, kemur að starfsmannamálum og launagreiningu, sér til þess að búnaður í kennslustofum sé í samræmi við starfsemi, annast stundatöflugerð ásamt áfangastjóra, situr fundi stjórnenda, skólanefndar, skólaráðs og gæðaráðs o.fl.. Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að hann væri í nánú samstarfi við áfangastjóra þó verkaskipting á milli þeirra væri nokkuð skýr en samráðið væri gott. Aðstoðarskólameistari vinnur með sviðsstjórum að kennsluskiptingu og á í góðu samstarfi við þá. Aðstoðarskólameistari stýrir starfsmanna- og skólafundum. Aðstoðarskólameistari tók fram að það væri alltaf opið inn til sín og kennarar leita til hans með sín mál. Stjórnendur fara saman yfir vikupóstinn sem sendur er út á föstudögum. Aðstoðarskólameistari taldi stjórnendur skólans vinna saman sem teymi en það væri ákveðin streita og að hópurinn virkaði ekki nógu vel. Aðstoðarskólameistari taldi starfsfólk skólans „ótrúlega öflugt“ eins og fram hefði komið í covid þegar kennurum var steypt í fjarnám með svo til engum fyrirvara. Þá hafi verið í gangi faglegir fimmtudagar þar sem kennarar greina frá einhverju skemmtilegu sem í gangi er í kennslunni. Aðstoðarskólameistari telur að samgöngubætur á Vestfjörðum muni fjölga nemendum og þá sérstaklega í verknámi. Þá sé nauðsynlegt að taka kennsluna út úr fortíðinni og mennta fyrir nútíðina og framtíðina, efla þurfi seiglu og þrautseigju í námi og mikilvægt sé að endurnýja tækjabúnað með nýju verknámshúsi.

Áfangastjóri kom til starfa árið 2015 og eitt af fyrstu verkefnum hans var að bregðast við ytra mati sem hafði verið framkvæmt þá. Hluti af starfi áfangastjóra hefur verið að hafa umsjón með fjarnáminu en nýráðinn er fjarnámsstjóri sem tekur við þeim hluta af starfi áfangastjóra, þetta er nýtt starf við skólann. Starfi áfangastjóra er lýst í starfslýsingu í gæðahandbók en helstu verkefni hans eru að skipuleggja, stjórna og hafa faglega umsjón með rekstri áfangakerfis skólans. Þá vinnur áfangastjóri að innritun nýnema, metur fyrra nám nemenda, stjórnar námsvalsferli, tryggir að námsferlar séu réttir í INNU, ráðgjöf til nema, stundatöflugerð ásamt aðstoðarskólameistara, vinnur með sviðsstjórum, undirbýr útskrift nema, situr stjórnendafundi o.fl. Ljóst er að endurskoða þarf starfslýsingu áfangastjóra með tilkomu fjarnámsstjóra en ný starfslýsing fyrir fjarnámsstjóra er í gæðahandbók. Áfangastjóri sagðist vera í góðu sambandi við nemendur og einbeita sér að námi og námsferlum þeirra. Þá sagði áfangastjóri samstarf sitt við náms- og starfsráðgjafa mjög gott og að þeir vinni vel saman að málum nemenda. Það kom fram hjá áfangastjóra að þrátt fyrir vikulega fundi stjórnenda þá væri stjórnendahópurinn ekki að vinna vel saman. Það væri tregða og þreyta í gangi og ekki teymisvinna. Áfangastjóri upplifir að aðstoðarskólameistari sé undir miklu álagi og að skólameistari sé lítt sýnilegur. Þetta hafi verið svona um nokkurn tíma en þó farið versnandi. Þá nefndi áfangastjóri að óánægja væri meðal kennara hvernig tekið er á viðveru nemenda. Dæmi séu um að nemendur mæti ekki vel en lítið sé um viðbrögð við því. Ferlar séu til staðar í gæðahandbók en ekki farið eftir þeim. Það væri hollt að fá nemendur meira að borðinu og auka mætti metnað í skólastarfinu. Það þurfi að skoða námsmenninguna til að gera Menntaskólann á Ísafirði að enn betri skóla.

Fjarnámsstjóri er eins og áður er getið nýkominn til starf og mun taka við umsýslu með fjarnámsnemum og námsferlum þeirra. Nemendum í fjarnámi/dreifnámi hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2014 og eru nú um 250 en voru 78 árið 2015. Í máli viðmælenda kom fram að það hefði heppnast að sækja fleiri nemendur inn í skólann með þessum hætti. Fjarnámið væri ákveðið byggðamál og skipti máli fyrir samfélagið.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm einstaklingar, tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitastjórna og þrír án tilnefningar. Skólanefnd situr til fjögurra ára í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Hlutverk skólanefndar er að marka áherslur í starfi skólans og vera skólameistara til samráðs um þá þætti sem fjallað er um í 5. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í máli formanns skólanefndar kom fram að fundarseta hefur verið lítil vegna covid. Búið er að halda einn fund á yfirstandandi haustönn. Meginefni funda að sögn formanns hafa verið starfsmannamál, rekstur skólans og uppbygging á nýju húsnæði fyrir verknámsgreinar. Húsnæði verknámsgreina hefur farið í gegnum þarfagreiningu og væntingar eru um frekari uppbyggingu. Mikil eftirspurn er eftir starfsfólki á svæðinu með verknámsþekkingu og reikna má með auknu fiskeldi sem mun auka þörf fyrir menntað vinnuafli. Svæðið nær að anna eftirspurn eftir námssamningum og viðhorf til verknáms hefur verið að breytast og virðing fyrir iðngreinum að aukast. Formaður sagði samstarf skólameistara og skólanefndar gott og að innan skólans væri jákvætt viðhorf gagnvart skólameistara. Í máli formanns kom fram að framtíðarsýn skólans væri að fjölga nemendum jafnt í bóknámi sem verknámi. Þá sá hann fyrir sér að með tilkomu Dýrafjarðarganga ættu nemendur frá suður fjörðum Vestfjarða að geta sótt nám í MÍ. Skólanefnd hefur ekki komið að vinnu við gæðahandbók en rætt hefur verið um stefnumótunarvinnu með aðkomu kennara.

Sviðsstjórar eru sex við Menntaskólann á Ísafirði;

- Kennslusvið félagsvísinda,- hugvísinda- og íþróttagreina
- Kennslusvið lista- og nýsköpunargreina
- Kennslusvið raun-, stærðfræði-, tölvu- og viðskiptagreina
- Kennslusvið starfsbraut
- Kennslusvið starfs- og verknámsgreina
- Kennslusvið tungumálagreina

Sviðsstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn og starfslýsingu þeirra er að finna í gæðahandbók. Hlutverk kennslusviða er að efla faglegt starf í skólanum í samráði við stjórnendur. Kennslusvið koma að stefnumörkun og þróun námsgreina og námsbrauta auk kennsluhátta og verklags sem tengist kennslu. Hvert kennslusvið hefur sviðsstjóra sem fer með faglega forystu á sviðinu og hefur umsjón með vinnu kennslusviðsins. Áfangastjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu vinnu kennslusviða en aðrir stjórnendur vinna einnig með kennslusviðum eftir því sem við á og taka þátt í fundum með sviðsstjórum. Sviðsstjórar funda með stjórnendum einu sinni í mánuði og kennslusviðin funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Sviðsstjóri starfsbrautar kom til starfa í haust og í máli hans kom fram að starfið hefur verið í mikilli mótun. Starfsbrautin hafi verið frekar munaðarlaus en nú sé mikið þróunarstarf og uppbygging á sviðinu. Andrúmsloftið sé mjög jákvætt í kringum starfsbrautina og reglulegir fundir þeirra sem kenna á brautinni auk stuðningsfulltrúa sem eru þrír. Sviðsstjóri starfsbrautar kemur einnig að málefnum nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þá fékk skólinn styrk til að fara með hópinn til útlanda og mikill áhugi er fyrir því.

Sviðsstjórar vildu undirstrika að nemendahópur skólans væri mjög fjölbreyttur og að taka þyrfti mið af því. Dagskólanemar og fjarnemar eru saman í áföngum og þetta væri fullkomið tækifæri til að takast á við áskoranir um kennsluhætti. Sviðsstjórar höfðu af því áhyggjur að dagskólanemum hefði fækkað og áherslan væri mikil á fjarnám. Sviðsstjóri félagsvísindasviðs sagði samvinnuna innan sviðsins góða og samtalið með ágætum. Þá væri í gangi samstarf við aðra skóla. Sviðsstjóri tungumálasviðs taldi ákveðna deyfð hafa verið á sviðinu en samstarfið væri betra í vetur. Á verknámssviði skólans hefur verið unnið með öryggismál, metnað og aðstöðu. Þá hefur mikil umræða verið um húsnaðismálin, þar sem kennslan fer að hluta til fram í ósamþykktum kjallara (húsasmíði og háriðngreinar) sem ekki hentar vel til verklegrar kennslu. Miklar væntingar eru um breytingar á þessu á næstu árum. Nemendur eru á aldrinum 16 ára til 71 árs og kennsla í húsasmíði fer eingöngu fram í lotum. Skólinn hefur nýhafið kennslu í rafið en þar eru nemendur einnig á breiðu aldursbili. Margir stundakennarar eru í verknámi.

Að mati sviðsstjóra gengur samstarf við áfangastjóra mjög vel en síður við skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólameistari er ekki mikið áberandi í starfi skólans, aðstoðarskólameistari tekur vel í beiðnir frá sviðum en það er eins og samstarf stjórnenda gangi ekki mjög vel. Það er góður starfsandi innan starfsmannahópsins en samstarfið við stjórnendur hefur ekki verið nægilega gott. Nemendur finna e.t.v. ekki mikið fyrir þessu en þeir leita lang oftast til áfangastjóra frekar en annarra stjórnenda. Verkgreinar hafa þó átt mjög gott samstarf við stjórnendur í gengnum árin og verkefnið varðandi húsnaði verkgreina hefur fengið mikinn stuðning. Gæðakerfi skólans er gott að mati sviðsstjóra en eftirfylgni þyrfti að vera markvissari og sýnilegri. Gæðahandbókin ýtir undir faglegt starf og námsáætlanir eru samrændar. Grunnþættir menntunar hafa komið til umræðu við gerð áfangalýsinga og mikil umræða hefur verið um fjölbreytta kennsluhætti.

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru löggin útfærð. Framhaldsskólar skulu með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal samofið starfsemi skólans og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skólans. Það skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Við Menntaskólann á Ísafirði hefur farið fram mikil vinna við mótun gæðastefnu og gæðakerfis skv. ISO 9001 staðlinum. Gæðastefnan lýsir því hvernig skólinn tryggir framþróun stjórnkerfis og bætt verklag. Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli kröfur sem gerðar eru til hans í lögum og reglugerðum, sem og væntingar og þarfir nemenda og starfsfólks. Gæðastefnan nær til allra þátta starfseminnar: kennslu, stjórnunar, þjónustu, faglegs samstarfs og samskipta.

Gæðahandbókin, sem fengið hefur nafnið Djúpið, innifelur stefnuskjöl skólans, verkferla, starfslýsingar, gátlista, leiðbeinandi skjöl og vinnulýsingar. Gæðahandbókin er sett upp í sjö köflum, þeir eru:

- Kafli 1 Skólinn
- Kafli 2 Gæðakerfið
- Kafli 3 Skólastarfið
- Kafli 4 Mannauðsmál
- Kafli 5 Fjármál og rekstur

Kafli 6 Upplýsingamál

Kafli 7 Öryggismál og viðbragðsáætlanir

Notast er við CCQ gæðakerfið til að halda utan um stýringu skjala í gæðahandbók. Gæðaráð notaði svigrúm sem skapaðist í Covid til að ljúka vinnu við gæðahandbók. Gæðaráð kallaði til (teams) þá starfsmenn er best þekktu viðkomandi verkferla og skjöl áður en þau voru samþykkt í gæðahandbók. Gæðastjóri er verkefnastjóri vegna innleiðingar gæðakerfisins. Hann hefur umsjón með rekstri þess og er ritstjóri gæðahandbókar. Hann skipuleggur vinnu gæðaráðs í samræmi við starfsáætlun sem hefur verið gerð á rýnifundi stjórnenda. Gæðakerfi skólans var vottað af ytri úttektaraðilum á vorönn 2021.

Samkvæmt stefnu skólans um innra mat gerir matsteymi um innra mat áætlun um matið. Annars vegar er gerð langtímaáætlun til fjögurra ára og hins vegar ítarlegri áætlun fyrir komandi starfsár. Þar skal taka mið af kröfum sem gerðar eru um innra mat í framhaldsskólum. Innra mat skal ná til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats, samskipta innan og utan kennslustofunnar, réttinda nemenda, þjónustu sem nemendur eiga rétt á samkvæmt lögum og þess hvort starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla. Í langtímaáætlun um innra mat skal gæta þess að hver þessara þátta sé viðfangsefni mats að minnsta kosti einu sinni á hverju fjögurra ára tímabili. Matsteymi um innra mat skrifar skýrslu um innra matið og kynnir helstu niðurstöður og tillögur að umbótum á rýnifundi stjórnenda þar sem stjórnendur taka svo ákvarðanir um umbætur. Skólameistari sendir síðan skýrsluna til mennta- og menningarmálaráðuneytis auk þess sem hún er birt á heimasíðu skólans.

Þá hefur Menntaskólinn á Ísafirði lokið fyrsta skrefi af fimm í innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri sem snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Í máli gæðaráðs kom fram að vinna við skref tvö væri komin vel á veg.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnur á lögbundnum sviðum og leggur áherslu á framkvæmd þeirra
- Markmið í stefnumiðaðri áætlun eru metnaðarfull og staða þeirra birt í ársskýrslu
- Stefna um innri upplýsingamiðlun og samskipti innan MÍ
- Jafnréttismál innan skólans
- NÁSS áfangi og forvarnarfræðsla
- Öflugt sviðsstjórakerfi
- Skipulag sjálfsmats og vottað gæðakerfi er til fyrirmyndar
- Rýnifundir stjórnenda og útbótaáætlanir
- Formleg starfsmannasamtöl
- Ársskýrslur (2019 og 2020) og Matsskýrslur eru aðgengilegar á vef

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf heildarstefnu og framtíðarsýn skólans með aðkomu kennara, nemenda, foreldra og atvinnulífs þar sem það á við
- Styrkja þarf faglegt leiðtogahtutverk skólameistara
- Vinna þarf með og bæta samstarf stjórnenda innan skólans
- Tryggja að ársskýrsla skólans sé unnin árlega og birt á vef skólans
- Fylgja betur eftir í framkvæmd verklagsreglum og skjölum gæðahandbókar

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litahætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Í ársskýrslum skólans árin 2019 og 2020 kemur fram að hlutverk MÍ er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Því er lögð áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans. Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám, bæði á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Á vefsíðu og gæðahandbók birtir skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

Í Menntaskólanum á Ísafirði er skólastarf með nokkuð fjölbreyttum hætti þar sem um er að ræða dagskólanám, dreifnám og fjarnám. Skólinn mun halda áfram að leggja áherslu á að efla lotubundið staðnám í verklegum greinum, svokallað dreifnám og fjarnám og viðhalda þannig góðri hópanýtingu. MÍ á í ýmiss konar samstarfi og nýtur mikils velvilja í nærsamfélaginu. MÍ á í góðu samstarfi við aðra framhaldsskóla á landinu m.a. við 11 framhaldsskóla um fjarnám og gengur það undir nafninu Fjarmentaskólinn. Þá er sérstakt samstarfi milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskóla Austurlands um sjúkraliðanám. Þá er samstarf við tvö ráðuneyti og sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum um rekstur Fab lab smíðju. Einnig er samstarf við sveitarfélögin og íþróttafélögin á svæðinu um rekstur afreksíþróttasviðs, þá er samstarf um kennslu í stálsmíði við stálsmíðafyrirtækið Skaginn 3X, svo nokkuð sé nefnt.

Skólastarfinu er skipt í tvær annir haustönn og vorönn. Lokapróf hafa verið lögð af en í stað þeirra eru námsmatsdagar í lok hvorrar annar þar sem nemendur geta lokið vinnu við verkefnaþætti sem gilda til lokamats. Tvisvar á önn gefur kennari nemanda lotumat sem upplýsir hann um stöðu hans í áföngum. Kennsla hefst kl. 09.00 og hver kennlustund er 50 mínútur. Kennt er samkvæmt áfangakerfi og eru áfangalýsingar birtar á heimasíðu skólans. Í áfangalýsingum koma fram þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið. Notast er við námsumsjónarkerfið Moodle en þar birta kennarar námsáætlanir fyrir hvern áfanga sem samþykktar hafa verið af sviðsstjóra á viðkomandi sviði. Stúdentabrautir eru skipulagðar sem þriggja ára námsbrautir með 200 einingum en nemendur ljúka námi á mislöngum tíma. Skipulag brautanna byggir á

aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 og allar brautir við skólann jafnt í bóknámi og verknámi eru kenndar skv. samþykktum námskrám. Við skólann er starfrækt heimavist.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur sett sér stefnu um kennsluhætti og námsmat. Stefnan lýsir áherslum skólans í kennslu og námsmati en öll kennsla á að einkennast af leiðsagnarnámi (e. formative assessment). Leiðsagnarnám felur í sér að nemandi er leiðbeint og hann á að vera meðvitaður um stöðu sína í náminu. Endurgjöf er notuð markvisst til að leiðbeina nemandi í námi. Kennsluaðferðir og námsmat skulu vera fjölbreytt. Kennsluhættir í leiðsagnarnámi í MÍ einkennast af því að verkefni eru notuð markvisst til að hjálpa nemendum að ná markmiðum áfanga. Nemendur fá endurgjöf og leiðbeiningar á meðan þeir vinna að verkefnum. Verkefni eru fjölbreytt og miða að því að nemandinn nái viðmiðum áfanga um þekkingu, leikni og hæfni. Dæmi um fjölbreytt verkefni sem geta nýst í leiðsagnarnámi eru rannsóknir, umræður, myndbandagerð, dagbækur, ferilmöppur og ritgerðir.

Þá hefur MÍ sett sér stefnu um að efla fjarnám við skólann með því að bjóða upp á fjölbreytt námsframboð, framúrskarandi kennslu í fjarnámi og beita markvissri markaðssetningu. Þetta felur í sér að allir bóklegir áfangar skólans eru einnig í boði í fjarnámi. Einnig felur þetta í sér að greina þarfir samfélagsins fyrir námsframboð og huga að nýjungum í námsframboði í fjarnámi, eins og t.d. verknámi í lotubundnu námi.

Í gögnum frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) kemur fram að í hópi kennara hafa 17 þeirra lokið MA/MS/M.ed.-prófi auk kennsluréttinda. Fimm kennarar hafa lokið BA/BS-prófi auk kennsluréttinda. Tíu kennarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda. Þrjú kennarar hafa aðra menntun auk kennsluréttinda og fjórir kennarar hafa aðra menntun án kennsluréttinda. Samkvæmt stefnuviðmiðum MÍ til þriggja ára er ætlunin að auka gæði kennslu með því að hækka hlutfall réttindakennara við skólann upp í 85% árið 2023.

Í tölulegum upplýsingum frá Menntaskólanum á Ísafirði kemur fram að frá árinu 2017 hafa 27 nýir starfsmenn komið til starfa. Einum hefur verið sagt upp vegna samdráttar á kennsluviði. Þrjú hafa hætt vegna tímabundinnar ráðningar. Níu hafa sagt upp störfum. Fjórir hafa hætt fyrir aldurs sakir. Sex starfsmenn hafa notið námsleyfis. Samkvæmt töflu átta er meðalstarfaldur 6,5 ár.

Helstu markmið MÍ fram til ársins 2023 er að minnka brotthvarf nemenda úr námi, þjálfa kennara í kennsluháttum sem byggja upp námsgetu nemenda og eflir virkni þeirra og þrautseigju í námi. Sjá <https://www.buildinglearningpower.com>. Auk þess sem stefnt er að því að fjölga útskrifuðum úr verk- og tækninámi. Þessu til viðbótar er ætlunin að auka gæði menntunar í skólanum. Ætlunin er að auka við og styðja nemendur til náms með annað tungumál en íslensku. Gögn til grundvallar eru tölulegar upplýsingar úr Innu, rafrænar ferilbækur og gögn um réttindi og menntun kennara.

Þeir mælikvarðar sem stuðst er við til að ná ofangreindum markmiðum eru:

- 1 Hlutfall skráðra nema á starf-, verks-, list- og nýsköpunar braut var 32% 2019, og verði 36% 2023.
- 2 Hlutfall brautskráðra nemenda úr starfsnámi var 29% 2019, og verði 36% árið 2023
- 3 Hlutfall brautskráðra nemenda í námi til stúdentsprófs var 71% árið 2019, og verði 64% árið 2023.

- 4 Hlutfall nýnema sem ljúka námi af starfsbrautum innan fjögurra ára var 62,5% árið 2019, og verði 66% árið 2023.
- 5 Fjöldi rafrænna ferilbóka var 0 árið 2019, og verði 3 árið 2023.
- 6 Hlutfall kennara sem lokið hafa námi til kennsluréttinda var 69% árið 2019, og verði 85% árið 2023.

Menntaskólinn á Ísafirði setur kennsluna í forgang og það er mikill sveigjanleiki innan skólans. Nýtt gæðakerfið hefur hjálpað skólanum að festa niður verkferla. En starfsmenn eiga sinn þátt í uppbyggingu gæðakerfis skólans. Námsáætlanir eru eftir samræmdu formi í gæðahandbók og verkferlar um kennslu og námsmat eru til mikilla bóta. Allt sem á að vera í skólanámskrá er á vefsvæði skólans. Hins vegar hefur skólanámskrá ekki verið sett fram sem samfellt skjal og því erfitt að sjá þá heildarmynd sem skólanámskrá gefur.

Dreifnám í verknámi hefur gengið vel. Mí hefur lagt áherslu á dreifnám fyrir nemendur sem eru á vinnumarkaði og til að auka námsframboð í verknámi. Framtíð skólans liggur í fjarnámi/dreifnámi fyrir nemendur sem þegar eru komnir inn á vinnumarkað sem taka þá verknámið í lotunámi. Betri staða í atvinnulífi og bætta samgöngur ýta líka undir aðsókn að skólanum.

Í samtali við rýnihóp nemenda kom fram að það hafi orðið breytingar á kennsluaðferðum. Það eru engin lokapróf nema í sjúkraliðanáminu og þá hjá samstarfsskólunum og mætingahlutfall er ekki lengur tekið inn í lokaeinkunn. Að öðru leyti fer námið fram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Flest verkefni eru þess eðlis að hægt er að vinna þau án þess að vera með mikla viðveru að mati nemenda. Verkefnaálag fer eftir kennurum og kaflapróf gilda til lokaeinkunnar, en lokaeinkunn er samsett úr því námsefni sem lagt er fyrir í hverjum áfanga. Í verknáminu ræður virkni nemenda miklu um námsmatið. Í verknámi hlusta kennarar vel á nemendur. Þannig hafa nemendur átt þátt í að bæta eigin aðstöðu til náms. Skólinn hjálpar verknámsnemendum við að komast á samning og samstarf er við, t.d. <https://www.skaginn3x.com>. Nemendur hafa ekki mikið að segja um innihald áfanga að öllu jöfnu en nemendur hafa óskað eftir ákveðnum áföngum. Í verknáminu voru fyrirtækin spurð um áherslur og námskrárbreytingar tóku mið af þeim tillögum. Miðað við aðstæður ættu nemendur Mí að vera ánægðir með skólann að mati nemenda í rýnihópi. Ef það er sterkur einstaklingur innan hóps, þá gengur hópvinna vel. Í vélstjóranáminu þar sem þrjár til fjórir nemar taka í sundur sömu vélina, þá krefst það samvinnu. Handahófs reglan ræður yfirleitt hvernig ráðað er í lið eða hópa.

Auðvelt er að leita eftir aðstoð innan skólans að mati nemenda. Nemendur hafa lítið um skólareglur að segja. Mögulegt er að taka upp próf sem nemendur hafa misst af á námsmatsdögum. Nemendur í sjúkraliðanámi töldu að gera mætti sjúkraliðanáminu hærra undir höfði. Mögulegt væri að tengja verknám og bóknám betur með t.d. sýningu á vinnu verknámsnema. Nemendur og kennarar í bóknámi eru ánægðir með að þurfa ekki að byrja fyrr en klukkan 9 á morgnanna.

Í máli sviðsstjóra kom fram að starfslýsingarnar í gæðahandbók skólans eru skýrar. Sviðstjóri á starfsbraut er jafnframt sérkennari en 3-5 kennarar koma að kennslu á brautinni. Starfið hefur verið mikið í mótun. Starfsbrautin var frekar munaðarlaus og mikil uppbygging á sér stað innan sviðsins. Mikið þróunarstarf á sér stað innan brautarinnar. Áhugi starfsfólks á þessu starfi er mikill og vel mætt á alla fundi. Skólinn fékk

styrk til að fara með hópinn til útlanda og mikil stemming virðist vera innan hópsins á starfsbraut. Þá gengur það vel að nemendur starfsbrautar taki þátt í einstaka áföngum hjá öðrum kennurum skólans. Það er mjög jákvæður andi í kringum starfsbrautina. Kennarar á starfsbraut hafa verið með kynningu á fjölbreyttum kennsluháttum innan MÍ. Nýr sviðstjóri hefur leitt til þess að mjög góður andi er innan sviðsins. Á félagsgreinasviði eru kennsluhættir til umræðu og fjölmargar áskoranir þar í gangi enda nemendahópurinn fjölbreyttur og taka þarf mið af því. Námið og kennslan er í bland dagskólanemar og nemendur í fjarnámi, en þetta eru tveir ólíkir hópar með ólíkar þarfir. Samvinnan og samtalið innan sviðsins er með ágætum. Auk þess sem félagsgreinasviðið á í samstarfi við aðra skóla. Á tungumálasviðinu, aftur á móti, hefur verið ákveðin doði að mati sviðsstjóra. Samstarfið hefur þó gengið betur í vetur og óformlegt samtal innan kennarahópsins er öflugt. Samstarf við stjórnendur mætti vera virkara. Í verknáminu hefur verið unnið mikið með öryggismál, metnað og aðstöðu. Nokkir vinna fer alltaf í að fá námslýsingar frá kennurum að sögn sviðsstjóra. Aukin áhersla er á lotubundið nám í verknámsgreinum og er trésmíðin kennd þannig. Kennsla í rafiðn er ný og þar hefur skólinn fengið fleiri nema sem eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri en einnig eldri nema. Aðsókn í verknámið er það mikil að byrjað er að taka inn nemendur um áramót. Hjá sviðstjóra verknáms kom fram að 5 kennarar eru í fullu starfi í verknámskennslu og nokkrir stundakennarar. Námsáætlanir eru samræmdar og faglegar þar sem grunnþættir menntunar liggja undir en umræða um fjölbreytta kennsluhætti hefur verið mikil í skólanum.

Í rýnihópi kennara komu fram fjölmargir þættir um nám og kennslu í MÍ og þar má nefna nokkra s.s., að áfangar eru oft þannig að einn kennari er með hvern áfanga en samstarf milli kennara er gott bæði innan kennslugreina og milli greina auk þess sem styrkleiki felst í starfi sviðsstjóra. Leiðsagnarnám er stefna skólans og því fylgir töluvert álag. Námsáætlanir eru skýrar og unnar í gæðakerfinu. MÍ notar Moodle sem námsumsjónarkerfið og framsetning námsefnis á vef er samræmd. Allar beiðnir um skilafrest á verkefnum fara í gegnum áfangastjórnann áður en slíkt er tekið til athugunar. Í námsmati má einn liður ekki gilda meira en 40% af heildareinkunn. Verkefnavinna hefur að hluta til komið inn í stað prófa sem virðist skila sér betur og nálgunin að náminu er mannglegri. Meirihluti nema er í fjarnámi og því þurfa öll verkefni að taka mið af því að jafnt namar í staðnámi og fjarnámi hafi aðgang að öllum gögnum sem nauðsynleg eru. Flest sem gert er í kennslunni kallar á einhverja leit að efni og á að þjálfar nemendur í að vera læs á samfélagið í dag og í framtíð. Kennarar reyna að nota Teams til að búa til hópa. Lotubundna námið er ætlað fullorðnu fólki sem er í vinnu og sækir nám í verklegum greinum. Sem dæmi um valgreinar og úrval áfanga má nefna enskan fagorðaförða og ferðamál, ásamt yndislestri og tungumálaáföngum sem á að styrkja nemendur til náms á háskólastigi. Kennarar hafa frjálssar hendur með að koma með tillögur að valáföngum en áfangaframboðið er þó ákveðið af stjórnendum. Val nemenda ræður á endanum hvort áfangar fari í kennslu eða ekki. Agamál eru ekki vandamál, þó nemendur séu kannski ekki alltaf vinnusamir. Sem dæmi um þróunarverkefni má nefna Erasmus samstarf við skóla í Frakklandi og annað verkefni í Danmörku í formi nemendaskipta. Auk þess sem MÍ býður upp á áfanga sem heitir erlend samskipti. Eingöngu nemendur á fyrsta ári njóta leiðsagnar umsjónarkennara, en kennarar nemenda á fyrsta ári taka að sér umsjónakennslu. Lang oftast sækir kennarahópurinn fræðslufundi og símenntun. Endurmenntun innan skólans er skipulögð á skólatíma og þátttaka er venjulega mjög góð. Faglegt samstarf og hjálpssemi er mikil og góð. Vinnuaðstaða kennara er góð og upplýsingastreymi er m.a. í formi tölvupósts. Stundum vantar betri samskipti varðandi nemenda tengdar upplýsingar.

Styrkleikar

- Metnaðarfullt starfsfólk
- Stefna um kennsluhætti og námsmat
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Skýr stefna um leiðsagnarnám
- Námsáætlanir eru unnar út frá samræmdu formi úr gæðahandbók
- Stuðningur frá nærsamfélagi
- Fjölbreytt námsframboð
- Boðið upp á bóknám og verknám
- Samstarf kennara
- Metnaðarfullt starf sérnámsbrautar
- Vel uppbyggt nám fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál

Tækifæri til umbóta

- Virkara samstarf við stjórnendur
- Efling verknáms
- Efling dreif- og fjarnáms
- Skoða hvort þörf er á námi á sviði fiskeldis
- Setja skólanámskrá fram með skýrari hætti

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Í Menntaskólanum á Ísafirði er lögð áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Upplifun nemenda af því að vera í MÍ er almennt góð, bæði af kennslu og þátttöku í skólasamfélaginu. Í viðtölum kemur fram að huga þurfi áfram vel að líðan nemenda ef komi til frekari takmarkana á skólahaldi vegna Covid enda leið nemendum marktækt verr í Covid en áður sbr. könnun á líðan þeirra. Í rýnihópi nemenda, sem var hluti af innra mati skólans, kom fram að flestir sögðust ánægðir með að vera nemandur í skólanum og heildarupplifun þeirra af því virtist góð. Nefnt var að MÍ væri heimilislegur skóli og þar væri gott aðgengi að kennurum. Þá töldu nemendur að alla þjónustu væri að fá í skólanum en nemendur væru e.t.v. ekki tilbúnir til að ræða sín mál. Það drægi mjög úr kvíða að ekki væru lengur lokapróf en vissulega væri hellingur af verkefnum í staðinn.

Það var almennt mat viðmælenda að starfsandinn í MÍ væri góður, persónulegur og traust samband. „Skólinn er góður og vinnuandinn frábær“ . Mikið væri um faglegt samstarf og hjálpssemi mikil, nokkuð væri um að aðeins einn kennari kenndi viðkomandi námsgrein og þá væri ekki um beint samstarf að ræða en alltaf væri hægt að leita aðstoðar innan skólans og það væri mikill styrkur að hafa sviðsstjóra. Þá væri vinnuaðstaða góð.

Menntaskólinn á Ísafirði notar könnun starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) sem stendur árlega fyrir könnuninni Stofnun ársins sem er ein stærsta og veigamesta vinnuþakskönnun landsins. Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd stofnunar og jafnrétti. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu mála innan þeirra stofnana sem taka þátt í könnuninni. Svarhlutfall er nokkuð breytilegt eftir árum en á bilinu 54%-83% síðustu ár í MÍ, mælikvarði er 1-5. Ef litið er sérstaklega á þættina starfsandi annars vegar og ánægja og stolt hins vegar síðustu skólaár þá mældist starfsandi skólaárið 2019-2020 4,19 sem er töluverð undir landsmeðaltali skóla og háskóla sem var 4,31, árið 2018-2019 mældist starfsandi 4,28 sem er sambærilegt við landsmeðaltal og árið 2017-2018 mældist starfsandi 4,13 sem er undir landsmeðaltali. Ef skoðaður er liðurinn ánægja og stolt þá hefur skólinn á síðustu árum verið aðeins undir landsmeðaltali skóla og háskóla og mæling fyrir skólann heldur á niðurleið en þátturinn ánægja og stolt mældist á skólaárinu 2019-2020 4,27, á árinu 2018-2019 mældist ánægja og stolt 4,34 og á árinu 2017-2018 4,36 sem er hins vegar vel yfir landsmeðaltali annarra framhaldsskóla og háskóla þetta ár.

Í síðustu könnun stofnun ársins skólaárið 2019-2020 voru fimm hæstu einkunni MÍ eftirfarandi:

- Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum = 4,85
- Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja = 4,70
- Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna = 4,65
- Mér kemur vel saman við samstarfsfólkið mitt = 4,57
- Ánægja með matar- og kaffiástöðu = 4,50

Fimm lægstu einkunnir stofnunar:

- Telur þú vinnuveitenda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum? = 2,89
- Ánægja með loftgæði = 3,32
- Ánægja með hljóðvist = 3,63
- Ánægja með lýsingu = 3,68
- Ánægja með launakjör = 3,75

Áberandi er að ánægja með loftgæði skólans skorar lágt fimmta árið í röð í könnun Stofnun ársins.

Almennt fannst nýnemum móttaka í skólann á haustdögum 2020 góð eða mjög góð en í textasvörum kemur fram að mörg þeirra hefðu gjarnan viljað fá hefðbundnar móttökur án Covid-19 takmarkana. Þetta árið var engin nýnemaferð eða nýnemaball svo nemendur tóku eingöngu afstöðu til nýnemadags. Stór hluti nýnema vinnur með skólanum eða 63% og 66% nemenda stunda íþróttir, eru í listnámi, björgunarsveit eða í öðru tómstundastarfi. 82% nemenda sefur meira en 6 klukkustundir á nóttunni og 97% nemenda eiga vini í MÍ. Varðandi líðan nemenda segja 73% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel, 24% hvorki vel né illa og 3% að sér líði illa í skólanum. Þegar líðan nemenda er skoðuð eftir að námið færðist alfarið á Teams segja 33% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel, 35% hvorki vel né illa og 18% að þeim líði illa. Það er því greinilegt að líðan nemenda hefur hrakað eftir að grípa þurfti til lokana vegna Covid. Í rýnihópi nemenda kom fram að almennt líði nemendum vel í MÍ en félagahópurinn hafi þar mikið að segja, „það er eins og við séum sterkari hópur eftir Covid“.

Í foreldrakönnun sem framkvæmd var á vorönn 2021 og send var á alla foreldra dagskólanema kom fram að 94% foreldra töldu samskipti kennara og nemenda góð eða frekar góð, allir foreldrar (100%) töldu að skólinn hefði staðið sig vel í aðgerðum sínum tengdum Covid faraldrinum og 94% foreldra töldu að barninu þeirra líði vel í skólanum.

Skólamálaþing var haldið í skólanum á haustönn 2019 með þátttöku allra dagskólanemar og kennarar. Markmiðið var að fá ábendingar annarsvegar um nám í MÍ til að auka gæði kennslunnar og hinsvegar um skólahúsnæði og aðstæður til að bæta vellíðan innan skólans. Niðurstöður voru fjölbreyttar s.s. persónulegra lotumat, betra skipulag á Moodle, vægi mætinga í námsmati, fjölbreyttara framboð á áföngum ekki síst verklegum og skapandi greinum, kynjalaus klósett, sameiginlegt rými nemenda yrði þægilegra, lengri opnunartími á bókasafni ofl.

Kennslukannanir eru lagðar fyrir bæði á haust- og vorönn í dagskóla og fjarnámi. Markmiðið er að finna út hvað gangi vel og fá ábendingar um hvað þurfi að gera betur í kennslu.

Umbótaáætlun er gerð árlega í framhaldi af könnunum og vinnu matsteymis og sem dæmi er áætlun ársins 2020-2021 eftirfarandi;

1. Huga þarf að líðan nemenda ef koma til takmarkanir á skólastarfi líkt og síðustu tvo vetur. Í þessu sambandi þarf einnig að tryggja að allir nemendur nái að tileinka sér notkun kennslukerfis skólans. Niðurstöður úr nýnemakönnun benda til þess að líðan nemenda hafi versnað á meðan á skólalokun stóð. Einnig náðu ekki allir nemendur að tileinka sér notkun á kennslukerfi skólans.
2. Lagt er til að stjórnendur ræði niðurstöður kennslukannana í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Einnig að kennarar fái tækifæri til að ræða niðurstöður kennslukannana á kennslusviðum. Niðurstöður kennslukannana og vinna matsteymis um innra mat í kjölfarið. Með þessu fæst góð samræða um kennslu á milli stjórnenda og kennara og einnig inni á kennslusviðum.
3. Kanna þarf möguleika á því að almenningssamgöngur í sveitarfélögum komi til móts við skólabyrjun kl. 9 í MÍ. Niðurstöður foreldrakönnunar bendir m.a. til þess að skortur á samgöngum á tíma sem hentar skólabyrjun í MÍ geri seinkun á skóladegi ekki eins markvissa og annars væri. Þetta kom einnig fram í rýni hópum nemenda.
4. Hvetja þarf kennara til að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig um kennslu og koma með ábendingar til kennara. Þetta kom skýrt fram í rýnihópum nemenda.
5. Auka þarf kennslu í notkun á Moodle til nemenda á fyrsta ári og einnig til foreldra nemenda sem eru að byrja í skólanum. Ósk um þetta kom fram í foreldrakönnun og í rýnihópum nemenda.
6. Því er beint til stjórnenda að skipuleggja sem fyrst hvernig umsjón við nemendur skal háttað í skólanum og hrinda verklagi í framkvæmd. Niðurstöður rýnihópa nemenda benda til þess að meiri umsjónar sé þörf við nemendur, sérstaklega á fyrsta ári

Skólareglur Menntaskólans á Ísafirði eru nemendum og starfsfólki til stuðnings. **Virðing, metnaður, víðsýni og árangur** eru einkennisorð skólans og ber að hafa þau að leiðarljósi innan skólans. Þegar kemur að reglum um samskipti og umgengni innan skólans gilda reglur um hegðun og umgengni þar segir.: **(Feitletrað af skýrsluhöfundum)**

- **Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið (sjá eineltisáætlun).**
- **Ætlast er til að nemendur sýni góða hegðun og umgengni í skólanum og á lóð hans.**
- Matar og drykkjar má ekki neyta í kennslustofum eða á bókasafni.
- Allt rusl er flokkað og því hent í þar til gerð ruslaílát.
- Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnæði skólans eða öðrum eigum hans ber þeim að bæta að fullu.
- Auglýsingar varðandi skólahald og félagslíf nemenda eru leyfðar á veggjum skólans. Utanaðkomandi sem vilja auglýsa innan veggja skólans eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu skólans.
- Öll tóbaksnotkun er bönnuð í skólanum og á lóð hans. Það sama á við um rafsígarettur.
- Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum og á samkomum og ferðalögum á vegum hans.

Með jafnréttisáætluninni er kveðið á um það hvernig stjórnendur, kennarar, starfsmenn og nemendur geta unnið að jafnrétti og þar með bættum samskiptum og líðan alls skólasamfélagsins. Í forvarnarstefnu Menntaskólans á Ísafirði vill skólinn stuðla að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífsháttum nemenda sinna. Áhersla er lögð á að efla andlega og líkamlega heilsu og vellíðan, styrkja sjálfstraust og efla félagsþroska og sjálfsvirðingu nemenda. Áhersla er lögð á að styðja nemendur í því að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að þeim.

Við Menntaskólann á Ísafirði er starfandi einn náms- og starfsráðgjafi og er meginverkefni hans að skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum, annast ráðgjöf til nemenda um námval, fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita, liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda, skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda, vinna með áfangastjóra úr lotumati nemenda o.fl. en starfslýsing náms- og starfsráðgjafa er í gæðahandbók. Í máli náms- og starfsráðgjafa kom fram að í upphafi skólaárs eru nemendur með greiningar og annað móðurmál en íslensku boðaðir í viðtal. Einnig er fundað með nemendum starfsbrautar og foreldrum þeirra. Náms- og starfsráðgjafi taldi það mjög jákvætt að eiga nýnemaviðtöl með foreldrum. Álagið er mest í kringum val tímabilið enda leita nemendur oft eftir upplýsingum sem tengjast námsvali. Einnig í framhaldi af lotumati nemenda sem fram fer tvisvar á önn. Mikið af námsráðgjöfinni er komið á rafrænt form með aukningu fjarnámsnema við skólann. Það er mat náms- og starfsráðgjafa að almennt líði nemendum vel í skólanum þó félagsfélmi virðist hafa aukist og einstaka nemendur eigi við andleg veikindi að stríða. Þá kom fram hjá náms- og starfsráðgjafa að hann sinnti starfi forvarnarfulltrúa með sínu starfi en forvarnarfræðslan hefur verið tekin inn í NÁSS-áfanga sem náms- og starfsráðgjafi kennir. Allir nýnemar eru skráðir í áfangann Náms- og starfsfræðsla þar sem áhersla er lögð á náms- og kennsluumhverfi skólans (Inna og Moodle), stoðþjónustu, áfangakerfið, vinnubrögð í námi og ýmislegt fleira. Ekki er starfandi hjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur við skólann og er þeim málum vísað til heilbrigðisstofnunar. Náms- og starfsráðgjafi sagðist vinna vel með áfangastjóra og kennurum skólans og funda einu sinni í vikur með stjórnendum (NÁSS). Í máli viðmælanda kom fram að stjórnendateymi skólans virkaði ekki sem skildi og að nemendur tali um að þeir sjái skólameistara lítið.

Nemendur á fyrsta ári hafa umsjónarkennara sem hefur það hlutverk að stuðla að betra námsgengi og líðan nemenda og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Náms- og starfsráðgjafi hefur umsjón með utanumhaldi og leiðsögn umsjónarkennara. Hann fundar með þeim við upphaf skólaárs, kynnir umsjónarkennurum hlutverk sitt og gefur þeim leiðbeiningar um viðtalstækni. Hann er til taks fyrir umsjónarkennara sem leita til hans og fundar með umsjónarkennurum eftir þörfum. Um störf umsjónarkennara gilda siðareglur, þær eru;

1. Umsjónarkennara ber að hafa hagsmuni umsjónarnemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.
2. Umsjónarkennara ber að hafa jafnrétti allra umsjónarnemenda að leiðarljósi.
3. Umsjónarkennara ber að hafa samvinnu við forsjáraðila eftir þörfum.
4. Umsjónarkennara ber að gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað sem nemendur sýna honum.

5. Umsjónarkennara ber að gæta þagmælslu um einkamál umsjónarnemenda og forsjáaraðila þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi.

Í MÍ er að öllu jöfnu gróskumikið félagslíf þó fram hafi komið í rýnihópi nemendaráðs að ekki væri auðvelt að vera í stjórn nemendafélags á Covid-19 tímum þegar nemendur mættu ekki koma saman og þá oftast í litlum hópum. Helstu verkefni á vegum nemendafélagsins (NMÍ) eru nýnemaferð, nýnemakvöld, fullveldishátíð, sólarkaffi, árshátíð, Morfís, Gettu betur, skólablað, leikrit, Sólrishátíð sem er lista- og menningarvika og haldin hefur verið árlega frá árinu 1975. Þá eru haldnir Gróskudagar sem skipulagðir eru af Gróskuteymi sem í sitja 3 kennarar. Þá er jólavika og eineltisvika. Þátttaka nemenda í viðburðum er mismikil en rýnihópurinn var sammála um að mest væri hún í partý sem haldin eru utan skólans í samstarfi við nemendafélagið. Þar væri gæsla en foreldrar væru ekki á staðnum. Rýnihópurinn sagði aðstöðu NMÍ litla en þau gætu alltaf fengið kennslustofu til afnota ef þau óskuðu eftir. Hins vegar væri skólinn lokaður síðdegis og á kvöldin og þau þyrftu þá að vera í sambandi við húsvörð eða vistarstjóra. Samskipti við húsvörð væru mjög góð og sama ætti við um skólastjórnendur og kennara. Það kom fram hjá rýnihópi nemendaráðs að ekki væri verknámsnemi í stjórninni og þeir mættu verr á viðburði og sama ætti líka við um starfsbrautarnema. Miðrými hússins, sem nefnt er Gryfjan, er mjög skipt að mati rýnihópsins, sömu hóparnir sitja við sömu borðin og þeir sem tilheyra ekki hópi sitja oft einir. Fram kom að eineltisvika væri framundan og markmiðið væri að vekja nemendur til umhugsunar um einelti. Með nemendafélaginu starfar félagsmálafulltrúi sem er tengiliður milli nemenda og stjórnenda og skal leiðbeina nemendum um skipulag á félagslífi og funda reglulega með þeim. Starfslýsing félagsmálafulltrúa er í gæðahandbók skólans.

Foreldrafélag Menntaskólans á Ísafirði var stofnað 6. desember 2001. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð 5 fulltrúum, 4 foreldrum/forráðamönnum og 1 kennara sem valinn er á kennarafundi. Formaður er kjörinn sérstaklega en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ein af helstu ástæðum fyrir stofnun foreldrafélagsins var hækkun á sjálfræðisaldri úr 16 árum í 18 ár. Félagar eru þeir foreldrar eða forráðamenn nemenda sem eru undir 18 ára aldri en foreldrum eldri nemenda er einnig frjálst að gerast félagar.

Markmið foreldrafélagsins eru m.a.:

- að efla samstarf foreldra /forráðamanna og starfsfólks/nemenda skólans
- að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- að vera samstarfsvettvangur foreldra / forráðamanna innbyrðis standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og aukins þroska
- að veita skólanum lið, svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma

Fram kom í máli formanns foreldrafélags, sem jafnframt er fulltrúi kennara í stjórn félagsins, að starf félagsins hefði legið niðri síðustu misseri í Covid. Fulltrúar foreldrafélagsins taka þátt í kynningu fyrir foreldra og forráðamenn nýnema á haustin og reyna að aðstoða nemendur eftir því sem þeir óska. Foreldrar hafa verið með óvænt kaffihlaðborð í Gryfjunni sem hefur mælst mjög vel fyrir. Félagið innheimtir ekki félagsgjöld og hefur því ekki fengið aðkeypta fyrirlesara en nemendur á háskólasetrinu hafa

komið inn með fyrirlestra. Fulltrúar foreldra hafa tekið þátt í róðrakeppni og undirbúið nemendur fyrir Gettu betur. Þá hafa foreldrar aðstoðað við framkvæmd dansleikja í hlutverki gæsluliða. Fulltrúi foreldrafélags situr í skólanefnd en félagið hefur ekki komið að stefnumótun umfram það sem fram hefur farið í skólanefnd. Formaður foreldrafélags taldi framtíðarsýn skólans felast í að styrkja metnað og skólamenningu og mikilvægt væri að gera það í samvinnu við nemendur og skólasamfélagið.

Á vorönn 2021 var send út foreldrakönnun til allra foreldra nemenda í dagskóla en því miður var svörunin aðeins 33%. Langflestir foreldrar eru ánægðir hvað varðar skólagöngu barna sinna í MÍ. Óánægja kom þó fram í svörum nokkurra vegna þess að upphafi skóladagsins hefur verið seinkað en kennslan byrjar nú kl. 9:00 á morgnana en samgöngur eru ekki miðaðar við það.

Menntaskólinn á Ísafirði á í góðu samstarfi bæði innan lands og utan og nýtur mikils velvilja í nærsamfélagi sínu. Samstarf er við ríkið auk sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum um rekstur nýsköpunarsmiðjunnar Fab lab en smiðjan er opin öllum auk þess sem kenndir eru sérstakir nýsköpunaráfangar innan skólans. Þá er samstarf um rekstur afreksíþróttasviðs sem endurvakið var árið 2018. Að því koma auk skólans, sveitarfélögin og íþróttafélögin á svæðinu, en sjö íþróttagreinar eru í boði.

MÍ á í samstarfi við aðra framhaldsskóla á landinu og eru haldnir reglulegir samráðsfundir. Samstarf er milli 11 framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Fjarmentaskólinn. Innan Fjarmentaskólans er sérstakt samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og Verkmenntaskóla Austurlands (VA) um sjúkraliðanám en nú stunda á annað hundrað nemendur sjúkraliðanám innan þessa samstarfs.

MÍ á í samstarfi við grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum. Skiplagðar eru reglulegar heimsóknir náms- og starfsráðgjafa í skólana, einkum til nemenda í 10. bekk. Þá funduðu skólastjórnendur og kennarar beggja skólastiga reglulega en það hefur nú legið niðri um nokkurn tíma.

MÍ á í erlendum samskiptum við tvo skóla, annars vegar í Danmörku og hins vegar í Frakklandi. Samskipti við danska verknámsskólann EUC Lillebælt í Fredericia hafa staðið óslitið frá því árið 2011. Samskiptin hafa falist í nemendaskiptum og kennaraheimsóknum í málsmiðagreinum. Þá hefur MÍ frá árinu 2004 átt í samstarfi við framhaldsskólann St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands. Nemendaskipti fara fram annað hvert ár og var árið 2019 undirbúningsár fyrir nemendasamskipti árið 2020. Engin nemendaskipti urðu á árinu 2020 vegna heimsfaraldursins.

Gott samstarf er á milli bókasafna á svæðinu og haldnir eru sameiginlegir viðburðir. Starfsmenn safnanna fóru saman á bókasafnsráðstefnuna Next Library í Árósum í Danmörku í júní 2019 sem liður í undirbúningi fyrir Landsfund Upplýsingar sem halda átti á Ísafirði í september 2020 en féll því miður niðru vegna Covid.

MÍ og stálsmiðafyrirtækið Skaginn 3X hafa átt gott samstarf um nokkuð langa hríð um kennslu í stálsmiði. Felst það samstarf í að starfsmenn fyrirtækisins hafa komið að kennslu á stálsmiðabrautinni auk þess sem nemendur hafa í sumum áföngum fengið kennslu í húsakynnum fyrirtækisins.

Styrkleikar

- Starfsfólk er ánægt í starfi, góður starfsandi
- Árleg starfsmannakönnun, (SFR)
- Skýr markmið, starfslýsingar og verkferlar í gæðahandbók
- Starfsfólk er stolt af stofnuninni sem það vinnur hjá
- Lítil skóli, fáir nemendur og starfsfólk þekkir alla nemendur
- Nemendum líður vel í skólanum
- Skólamálaþing kennara og nemenda
- Öflug náms- og starfsráðgjöf og forvarnarstarf
- Gróskumikið félagslíf fyrir Covid-19
- Fjarmentaskólinn
- Mikil tengsl við atvinnulíf, sveitarfélög, íþróttafélög og samfélagið utan skólans
- Áhersla á samstarf við aðra framhaldsskóla og erlent samstarf

Tækifæri til umbóta

- Vinna með verri líðan nemenda í og eftir Covid-19
- Auka metnað, seiglu og þrautseigju nemenda í námi og skólastarfi
- Setja aukinn kraft í félagslíf skólans, eftir Covid-19
- Tryggja meiri aðkomu verknámsnema og starfsbrautarnema að nefndum og ráðum nemendafélags
- Samræma kennslubyrjun kl. 9.00 og samgöngur
- Auka sýnileika á einkunnarorðum skólans fyrir nemendur og starfsfólk
- Virkja skólanefnd til starfa eftir Covid-19
- Auka upplýsingaflæði og samstarf við foreldrafélag

Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Eins og fram kemur á vefsíðu skólans er Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) staðsettur í fögru umhverfi í höfuðstað Vestfjarða. Skólinn er af heppilegri stærð þannig að nemendur hverfa ekki í fjöldann. Lögð er áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Skólinn er vel búinn tölvum og í öllum skólanum er þráðlaust tölvukerfi. Sífellt fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu með námsumsjónarkerfi á netinu er nefnist Moodle. Húsakynni skólans eru björt og rúmgóð og öll á sömu lóðinni, þar á meðal vel búið verknámshús fyrir málmíðngreinar og vélstjórnarbraut. Aðstaða fyrir rafiðngreinar er nýtilkomin og mætti vera rými. Þá er aðstaða fyrir nám í húsasmíði og grunnnám háriðna í ósamþykktu rými í kjallara. Stórt og glæsilegt íþróttahús er við skólann. Falleg útivistarsvæði eru á næstu grösum og stutt er í skíðalandið.

Í stefnuviðmiðum MÍ tímabilið 2021 til 2023 kemur fram að skólinn er starfræktur á einum stað, á Torfanesi á Ísafirði, í bóknámshúsi, verknámshúsi og heimavistarhúsi. Vonir standa til að bygging 2. áfanga verknámshúss hefjist á árinu 2022, fáist til þess fjármagn en erindi þar að lútandi frá skólanum er til vinnslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fyrsti áfangi verknámshúss var tekin í notkun í ársbyrjun 1995 og ósamþykkt rými í kjallara heimavistarhúss hefur verið notað fyrir verknámskennslu frá árinu 2006. Á heimavist skólans eru 33 herbergi og á haustönn 2020 bjuggu þar 14 dagskólanemar. Auk þess dvöldu 10 nemendur frá Háskólasetri Vestfjarða á heimavistinni í þrjá mánuði á haustönn. Fimm herbergi eru leigð út til iðkenda í meistaraflokki í körfubolta og handbolta. Þau fjögur herbergi sem voru laus á haustönn voru notuð til útleigu fyrir nemendur sem komu í námslotur í dreifnámi á verknámsbrautum. Að sögn formanns skólanefndar felast tækifæri skólans m.a. í uppbyggingu á nýju húsnæði, en verkefnið hefur farið í gegnum þarfagreiningu. Þar sem reikna má með mikilli aukningu í fiskeldi á svæðinu þarf samfélagið og MÍ að vera tilbúið til að svara eftirspurn eftir vinnuafla á því sviði.

Covid þeytti starfi MÍ inn í nútímann á svo til einum sólarhring að sögn aðstoðarskólameistara. MÍ notar moodle sem er námsumsjónarkerfi og það gengur ágætlega. Það kom síðan fram í máli kennara að þó kennslukerfið sé ágætt, þá þurfi að vera til betri fjar- og dreifnámsbúnaður til að koma náminu og kennslunni betur til skila. Erfitt er að hafa fjarnáms og dreifnáms nemendur saman í áfanga með dagskólanemendum, þar sem nálgunin við námsefnið, verklag, samskipti og vinnubrögð eru gjörólík. Nemendur bentu á að lítið og veikt netsamband væri á sumum svæðum innan skólans, þá sérstaklega á heimavistinni. Umsjónarmaður fasteigna greindi frá því að fasteignir ríkisins hafi umsjón með viðhaldi bygginga skólans og að vel sé að viðhaldi staðið. Viðhaldsvandamálin eru viðráðanleg og yfirleitt tekið á þeim tímanlega. Mötuneyti skólans er snyrtilegt og hlýlegt og þar sitja saman nemendur og starfsmenn. Andrúmsloftið í mötuneytinu er gott og býður upp á stemmingu sameiningar. Þó verkefnið um Heilsueflandi Framhaldsskóla hafi verið í dvala vegna Covid, þá er eins og næringar þáttur þess verkefnis

sitji eftir og haldi því vakandi. Ein af frumforsendum náms er að nemendur hafi aðgang að hollri og góðri næringu, eins og mötuneyti MÍ býður upp á.

Í vettvangsferð um skólann með skólameistara MÍ, sést að bókasafn skólans er vel staðsett á annarri hæð í miðju skólahúsinu. Bókasafnið er ágætlega búið tækjum og nemendur hafa góða aðstöðu til náms innan safnsins. Safnið er bjart, hlýlegt og auk aðstöðu til náms, þá eru þar nokkrir þægilegir grjóna stólar sem nemendur nota mikið. Aðstaða bókavardar er ágæt, en þröng og stúkuð af og ekki endilega í takt við það opna rými sem bókasafnið ber með sér. Gryfjan er samkomusvæði nemenda og veggir eru þar skreyttir málverkum eftir nemendur og aðra listamenn sem endurspeglar fegurð Ísafjarðar. Húsgögn eru nýleg, stílhrein, falleg og passa vel inn í rýmið. Rýnihópur nemenda hafði kvartað yfir því að stólarnir og húsgögnin væru ekki eins þægileg og þau húsgögn sem voru þar áður. Þarna er fallegur flygill sem setur viðeigandi svip á rýmið, en hann var gefinn til skólans árið 1994. MÍ er með virka Fablab smiðju sem er nýtt til að gefa sköpunargáfu þeirra sem það nýta líf og tilgang. Þar sem aðstaða nemendafélagsins er frekar bágborin, þá eru hugmyndir um að færa Fab labið í nýtt verknámshús þegar það verður tilbúið og nemendafélaginu er þá ætlað það rými þar sem Fablabið er nú. Með því ætti aðstaða nemendafélagsins að batna til muna og verða Menntaskólanum á Ísafirði til sóma. Eins og áður hefur komið fram, þá fer hluti að verknámi MÍ fram í ósamþykktu skólahúsnæði í kjallara heimavistarinnar. Kennslustofa í húsasmíði sem þar er staðsett er vel tækjum búin, en hávaði berst frá verkstæðinu upp í heimavistina. Háriðngreinar hafa einnig aðstöðu á sama svæði og reikna má með að í nýju verknámshúsi verði aðstaða þessara greina betri og trúfli ekki íbúa heimavistar. Verið er að útbúa svæði fyrir rafiðn innan verknámshússins og ber öll starfsemi MÍ það með sér að aðstaða til verknáms þarf meira rými.

Styrkleikar

- Staðsetning húsnæðis
- Tækjabúnaður námsbrautar í húsasmíði
- Fablab smiðja
- Góð tengsl við atvinnulíf
- Húsnæði er vel við haldi og í góðu ástandi
- Heimavist
- Gott mötuneyti

Tækifæri til umbóta

- Leggja áherslu á uppbyggingu nýs verknámshúss
- Skoða staðsetningu háriðngreina í kjallara heimavistar
- Skoða staðsetningu húsasmíðabrautar í kjallara
- Viðhalda búnaði í stálsmíði
- Gera úttekt á loftgæðum, hljóðvist og lýsingu í húsnæðinu
- Finna nemendafélaginu rýmri aðstöðu

Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Í skýrslum um innra mat Menntaskólans á Ísafirði (MÍ) fyrir árin 2018 til 2020 kemur fram að innan skólans hafi undan farin áratug verið unnið að þróun sjálfsmatsaðferða hjá skólanum. Í matsteymi um innra mat eiga sæti aðstoðarskólameistari sem veitir teyminu forystu og ber ábyrgð á framkvæmd innra mats. Auk aðstoðarskólameistara sitja þrír starfsmenn í matsteymi um innra mat. Skólameistari auglýsir eftir áhugasömu fólki til tveggja ára í matsteymi um innra mat. Hafi starfsmaður áhuga á þátttöku í matsteymi og telur sig hæfan til þess getur hann gert skólameistara grein fyrir hæfni sinni og áhuga og óskað eftir tilnefningu í matsteymið. Aðilar í matsteymi deila með sér ábyrgð á matsverkefnum og skal hver aðili í teyminu hafa hæfni til að leiða framkvæmd verkefnisins.

Mat á skólastarfi er skipt í ytra og innra mat. Ytra matið er framkvæmt af utanaðkomandi aðila og er yfirvöldum til upplýsingar um skólastarfið. Ytra mat á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis fór síðast fram vorið 2015 og útkoma barst MÍ í október 2015. Í framhaldinu vann MÍ umbótaskýrslu byggða á ytra matinu og unnið var að umbótum í kjölfarið. Stefnt var að því að ytra mati á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins færi fram árið 2020, en þetta mat fór fram í október 2021 og ræður heimsfaraldur vegna Covid-19 sennilega mest þar um.

Sjálfsmats skólans sem er formlegt innra mat er ætlað að vinna skólanum gagn og í því felst eftirlit með öllum þáttum skólastarfsins. Markmið mats með gæðum MÍ er ætlað að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt vinnulýsingu um innra mat MÍ, gerir matsteymi um innra mat áætlun um matið. Annars vegar er gerð langtímaáætlun til fjögurra ára og hins vegar ítarlegri – áætlun fyrir komandi starfsár. Matsteymið

skrifar skýrslu um innra matið og kynnr helstu niðurstöður og tillögur að umbótum. Skólameistari sendir síðan skýrsluna til mennta- og menningarmálaráðuneytisins auk þess sem hún er birt á heimasíðu skólans.

Í rýnihópaviðtali við gæðaráð MÍ kom fram að gæðakerfi skólans hafi fengið vottun. Í Covid var unnið í gegnum Teams og vinnan við gæðahandbók kláruð. Allt sem fór í gæðahandbókina fékk mikla umræðu og samtal. Síðan þarf að fá starfsmenn til að vinna eftir gæðahandbókinni. Námsáætlanir eru komnar á staðlað form sem til er í gæðahandbók MÍ. Það þarf aðeins að ýta eftir námsáætlunum í verknámi, en MÍ verður að viðhalda vottun til að hafa alþjóðlega viðurkenningu á skipstjórnarnáminu og vélstjórnarnáminu. Endurskoðun skjala þarf að fara í einfaldara ferli og MÍ hefur sent tvo kennara á námskeið sem ætti að hjálpa við eftirfylgni á ferlum í gæðahandbók MÍ. Græn skref í ríkisrekstri fela í sér leiðsögn um vistvæn innkaup, flokkun sorps, loftlagsstefnu og umhverfisvænan rekstur. MÍ vill gera mannauðssáttmála en það þarf að marka þá stefnu, og búa til skjal þar sem mannauðsstefna kemur skýrt fram. Græn innkaup er krafa ríkiskaupa – sjá <https://graenskref.is>. Matsteymið um innra mat mætir á fundi gæðaráðs og þar er farið yfir útkomu innra mats frá síðasta ári. Í september hefur þessi hópur tíma til að ganga frá skýrslu síðasta árs. Sjálfsmatsskýrslurnar er að finna á heimasíðu MÍ, en ársskýrslum frá skólanum var ekki skilað fyrir árin 2015, 2016, 2017 og 2018.

Tafla sjö á blaðsíðu 12 sýnir fjölda brautskráðra vorin 2017 til 2021 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af opinni stúdentsbraut eða 66 og 43 nemendur hafa útskrifast af náttúruvísindabraut á tímabilinu. Árið 2017 eru brautskráðir nemendur 61 nemandi, árið 2018 107, árið 2019 56, árið 2020 74 og árið 2021 71. Alls hafa brautskráðst 369 nemendur frá Menntaskólanum á Ísafirði frá árinu 2017. Meðal námstími er ekki áætlaður þar sem námstími eftir brautum er misjafn og framboð á námi mikið og fjölbreytt. Í ársskýrslu MÍ fyrir árið 2020 kemur fram að hlutverk skólans er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því er lögð áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans.

MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. Laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Um árangur í grunnþáttum

Litið er svo á að nemendur sem útskrifast frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) hafi tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti. Þó ekki séu sérstakir skylduáfangar þar sem þessir grunnþættir eru megin viðfangsefnið. Verk nemenda, vinna og framkoma bera með sér skapandi hugsun, hagnýtingu þekkingar, sem og þá ábyrgð og þær skyldur sem fylgja því að búa, lifa og starfa í lýðræðissamfélagi. MÍ hefur fengið vottun á gæðahandbók, jafnlaunavottun, er heilsueflandi framhaldsskóli og vinur að innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri. Þá hefur skólinn fengið styrki til Evrópusamstarfs og er með Fablab smiðju. Jafnlaunavottunin ein og sér ber með sér ríka jafnréttisvitund, græn skref í ríkisrekstri áherslu á umhverfisvitund og umhverfismál og styrkir frá Erasmus menntaáætluninni fyrir samstarf á alþjóðagrundvelli.

Um langtímaárangur

Ekki hefur verið kannað með skipulögðum hætti eða reglulega hvernig námið nýtist nemendum að lokinni útskrift frá skólanum. Nám og próf frá MÍ hafa nýst nemendum til að hefja nám á háskólastigi og brautarlýsingar skólans uppfylla skilyrði menntamálaráðuneytisins um þriggja ára stúdentspróf, sveinspróf í iðngreinum og nám til starfsréttinda. Auk þess sem gæðahandbók skólans hefur fengið vottun. En rýnihópar kennara, starfsmanna, foreldra og náms- og starfsráðgjafa, benda á að nemendur útskrifaðir úr MÍ hafi náð árangri eftir að þeir fara frá skólanum jafnt í frekara námi sem atvinnulífinu, þó þetta hafi ekki verið mælt með formlegum hætti. Að sögn viðmælenda hefur aðsókn að MÍ aukist, sérstaklega með auknu fjarnámi og dreifnámi. Með betri samgöngum má reikna með að MÍ þurfi að skipuleggja og vinna með þann aukna áhuga sem skólanum er sýndur.

Styrkleikar

- Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í áherslum skólans
- Öflugt gæðakerfi
- Vottun gæðahandbókar
- Jafnlaunavottun
- Nemendur geta útskrifast af mörgum mismunandi brautum, jafnt í verknámi sem bóknámi
- Lýðræðisvitund, læsi, tjáningu, samskipti, jafnrétti og umhverfisvitund er sýnileg í starfi skólans
- Nemendur ná árangri eftir að þeir frá útskrifast frá MÍ

Tækifæri til umbóta

- Birta ársskýrslur á vefsvæði skólans
- Skoða með kerfisbundnum hætt hvernig nemendum vegnar að loknu námi í MÍ

Heimildir og tilvísanir

Inngangur og almennar upplýsingar

- Gögn frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MÍ – <https://www.misa.is/>
- Árskýrslur MÍ 2019 til 2020
- Stefnuskjal MÍ fyrir árin 2021 til 2023
- Sjálfsmatsskýrslur MÍ 2015 til 2020

Stjórnun og skipulag

- Gögn frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MÍ – <https://www.misa.is/>
- Árskýrslur MÍ 2019 til 2020
- Stefnuskjal MÍ fyrir árin 2021 til 2023
- Sjálfsmatsskýrslur MÍ 2015 til 2020
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, skrifstofustjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, stjórnenda, fagstjóra, sviðsstjóra, kennara, nemenda, annarra starfsmanna, námsráðgjafa, gæðaráð, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.

Kennsla og námsframboð

- Gögn frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MÍ – <https://www.misa.is/>
- Árskýrslur MÍ 2019 til 2020
- Stefnuskjal MÍ fyrir árin 2021 til 2023
- Sjálfsmatsskýrslur MÍ 2015 til 2020
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, skrifstofustjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, stjórnenda, fagstjóra, sviðsstjóra, kennara, nemenda, annarra starfsmanna, námsráðgjafa, gæðaráð, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.
- Námsáætlanir

Samskipti og líðan

- Gögn frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MÍ – <https://www.misa.is/>
- Árskýrslur MÍ 2019 til 2020
- Stefnuskjal MÍ fyrir árin 2021 til 2023
- Sjálfsmatsskýrslur MÍ 2015 til 2020
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, skrifstofustjóra og formann skólanefndar.

Húsnæði og aðbúnaður

- Gögn frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MÍ – <https://www.misa.is/>
- Árskýrslur MÍ 2019 til 2020
- Stefnuskjal MÍ fyrir árin 2021 til 2023
- Sjálfsmatsskýrslur MÍ 2015 til 2020
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, skrifstofustjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, stjórnenda, fagstjóra, sviðsstjóra, kennara, nemenda, annarra starfsmanna, námsráðgjafa, gæðaráð, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.

Lykilárangur

- Gögn frá Menntaskólanum á Ísafirði (MÍ) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MÍ – <https://www.misa.is/>
- Árskýrslur MÍ 2019 til 2020
- Stefnuskjal MÍ fyrir árin 2021 til 2023
- Sjálfsmatsskýrslur MÍ 2015 til 2020
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, skrifstofustjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, stjórnenda, fagstjóra, sviðsstjóra, kennara, nemenda, annarra starfsmanna, námsráðgjafa, gæðaráð, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.